



Borg með hjarta

Starfsáætlun 2014



Reykjavíkurborg
Menningar- og ferðamálasvið


Starfsáætlun Menningar- og ferðamálasviðs 2014 eftir samþykkt fjárhagsáætlunar 2014 í borgarstjórn 3.12.2013.
Forsíðumynd: Reykjavík Pride / Helgi Halldórsson.

EFNISYFIRLIT

Menningar- og ferðamálasvið	2
Skipurit og menningar- og ferðamálaráð	2
Hlutverk og stefna	3
Borg með hjarta	4
Helstu verkefni og áherslur 2014	4
Ferðabjónusta	6
Börn og menningaruppeldi	8
Reykjavík bókmenntaborg UNESCO	10
Helstu verkefni 2014	11
Fjármál og rekstur	12
Fjárhagsáætlun 2014	14
Stefnukort	16
Skorkort	18
Stofnanir sviðsins	20
Borgarbókasafn Reykjavíkur	20
Helstu verkefni 2014	23
Viðburðadagatal	24
Lykiltölur	25
Höfuðborgarstofa	26
Helstu verkefni 2014	29
Viðburðadagatal	30
Lykiltölur	31
Listasafn Reykjavíkur	32
Helstu verkefni 2014	35
Viðburðadagatal	36
Lykiltölur	37
Ljósmyndasafn Reykjavíkur	38
Helstu verkefni 2014	41
Viðburðadagatal	42
Lykiltölur	42
Menningarmiðstöðin Gerðuberg	44
Helstu verkefni 2014	47
Viðburðadagatal	48
Lykiltölur	48
Minjasafn Reykjavíkur	50
Helstu verkefni 2014	53
Viðburðadagatal	54
Lykiltölur	55
Viðey	56
Helstu verkefni 2014	58
Viðburðadagatal	59
Lykiltölur	59
Árið 2013. Helstu verkefni	60
Menningar- og ferðamálasvið	61
Bókmenntaborg UNESCO	63
Borgarbókasafn Reykjavíkur	63
Höfuðborgarstofa	65
Listasafn Reykjavíkur	66
Ljósmyndasafn Reykjavíkur	67
Menningarmiðstöðin Gerðuberg	68
Minjasafn Reykjavíkur	69
Viðey	70

MENNINGAR– OG FERÐAMÁLASVIÐ

SKIPURIT



MENNINGAR– OG FERÐAMÁLARÁÐ

Kjörnir:

Einar Örn Benediktsson, formaður - Æ
Margrét Kristín Blöndal - Æ (frá 5.6. 2012)
Eva H. Baldursdóttir - S
Ósk Vilhjálmsdóttir - S (frá 16.4.'13)
Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir -D (frá 19.3.'13)
Áslaug María Friðriksdóttir -D
Davíð Stefánsson -V

Til vara:

Gaukur Úlfarsson - Æ
Diljá Ámundadóttir - Æ(frá 5.3.'13)
Freyja Steingrimsdóttir - S (frá 18.6.'13)
Guðni Rúnar Jónasson - S (frá 18.6.'13)
Marta Guðjónsdóttir -D (frá 19.3.'13)
Jarþrúður Ásmundsdóttir -D
Þór Steinarsson -V

Áheyrnarfulltrúar Bandalags íslenskra listamanna á fundum ráðsins:

Kolbrún Halldórsdóttir

Pétur Gunnarsson til vara

Hrafnhildur Sigurðardóttir

Erla Þórarinsdóttir til vara

Fulltrúa Samtaka ferðaþjónustunnar er jafnframt heimilt að sitja fundi ráðsins.

Æ = Besti flokkurinn. S= Samfylkingin. D= Sjálfstæðisflokkurinn. V= Vinstrihreyfingin grænt framboð.



Hlutverk Menningar- og ferðamálasviðs

Hlutverk sviðsins er að fara með framkvæmd menningar- og ferðamála hjá Reykjavíkurborg. Það hefur yfirumsjón með starfsemi Borgarbókasafns Reykjavíkur, Listasafns Reykjavíkur, Ljósmyndasafns Reykjavíkur, Menningar- miðstöðvarinnar Gerðubergs, Minjasafns Reykjavíkur og Höfuðborgarstofu. Umsjón með starfsemi í Viðey, Reykjavík- Bókmenntaborg UNESCO og þverfaglegu starfi um barnamenningu er vistuð á skrifstofu sviðsins. Stofnanirnar starfa samkvæmt samþykktum Reykjavíkurborgar og lögum og reglugerðum á hverju sviði. Sviðið hefur jafnframt umsjón með málefnum Leikfélags Reykjavíkur í Borgarleikhúsi, Tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu, Listahátíðar í Reykjavík og Sinfóníuhljómsveitar Íslands fyrir hönd Reykjavíkurborgar. Menningar- og ferðamálasvið sér um samninga, styrki og samskipti við lista- og menningarlífið og er borgaryfirvöldum til faglegrar ráðgjafar í þeim mála- flokkum sem heyra undir sviðið.

Menningarstefna

Í drögum að endurskoðaðri menningarstefnu er ný menningarstefna ríkisins höfð til hliðsjónar. Ekki er gert ráð fyrir miklum breytingum á gildandi stefnu, enda var hún aðeins til fjögurra ára og hefur reynst vel.

Leiðarljós endurskoðaðrar menningarstefnu

„Reykjavík er höfuðborg menningar í landinu. Sjálfs- mynd borgarinnar byggir á menningararfi, skapandi hugsun og frumkvæði í samspili við alþjóðlegar stefnur og strauma. Menningarlífið einkennist af metnaði, fjölbreytni og virkri þátttöku íbúa og gesta“.

Yfirskriftir markmiða:

Auðlind - undirstaða framtíðar

Börn og menningaruppeldi

Menningarstofnanir Reykjavíkurborgar

Listir

Samkennd, jafnræði og mannréttindi

Umhverfi og saga

Alþjóðleg menningarborg

Þáttur menningar í stjórnkerfi Reykjavíkurborgar

Stafræn menning

Gerð verður aðgerðaráætlun fyrir hvert markmið.

Ferðamálastefna

Styrkar stoðir er fyrirsögn ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar 2011-2020. Þær eru:

Menningarborg

Heilsuborg

Ráðstefnuborg

Vetrarborg

Þær undirstrika annars vegar styrkleika Reykjavíkur, s.s. á sviði menningar, náþýlis við náttúru og tækifæra í heilsutengdri ferðaþjónustu (Menningarborgin og Heilsuborgin), en hins vegar þá þætti sem þarf að efla og styðja með auknum áherslum og kraftmeiri aðgerðum (Ráðstefnuborgin og Vetrarborgin).

Framtíðarsýn ferðamálastefnu

„Reykjavík verði eftirsóttur áfangastaður ferðamanna allt árið um kring og með því verði rennt styrkari stoðum undir fjölbreytt atvinnulíf og menningarstarf í borginni. Markviss uppbygging innviða ferðamanna- borgarinnar og samræmt kynningarstarf leiði til þess að Reykjavík eflist til muna sem vettvangur ráðstefna og alþjóðlegra viðburða og verði þekkt og virt sem áhugaverð menningarborg í náþýli við einstæða náttúru. Heilsuferðaþjónusta verði jafnframt ein af meginstoðunum þar sem nýting hreinnar orku, heita vatnsins og fyrsta flokks aðstaða undirstrikar sérstöðu Reykjavíkur.“

Borg með hjarta

HELSTU VERKEFNI OG ÁHERSLUR SVIÐSINS 2014

Borg með hjarta

er yfirskrift Menningar- og ferðamálasviðs árið 2014. Yfirskriftin endurspeglar áherslur og helstu markmið með starfsemi sviðsins þetta árið og miðlar því að hvers konar borgarbrag Menningar- og ferðamálasvið vill stuðla. Í því að vera borg með hjarta felst m.a. að setja mannréttindi í öndvegi og vinna að því að Reykjavík sé manneskjuleg og hlýleg borg – jafnt fyrir þá sem hér búa og hina sem sækja okkur heim. Fjölbreytt menningar- og listalíf spilar í þessu samhengi lykilhlutverk; að starfsemi menningarstofnana sviðsins hvetji til þátttöku og geri öllum borgarbúum kleift að nálgast upplýsingar, fræðslu og upplifun tengda menningararfi og sögu, sjón- og orðlistum, tónlist, fjölmenningu, barnamenningu og margvíslegum viðburðum, svo fátt eitt sé nefnt af því sem er á vettvangi sviðsins.

Í yfirskriftinni felst einnig hvatning til þess að sýna dirfsku og þor til að fara nýjar leiðir og breyta út frá viðteknum venjum. Þessa sér stað á margvíslegan hátt í starfsáætlunum stofnana sviðsins. Stuðningi Reykjavíkurborgar við fjölmargar sjálfstæðar stofnanir og framleiðendur á sviði menningar og lista er ætlað fjölbætt hlutverk s.s. að styrkja faglegan grunn, næra blómlega og breiða grasrót og ýta undir ögrandi tilraunastarfsemi. Menningar- og listalífið í Reykjavík árið 2014 ætti því að endurspeglar sterkar grunnstoðir og fagmennsku í bland við sköpunargleði og forvitni.

Í borg með hjarta er tekið vel á móti gestum. Þeim er fagnað, tryggt gott aðgengi að upplýsingum og eru hvattir til að nýta sér allt það fjölbreytta sem borgin hefur upp á að bjóða allt árið um kring. Tekið er tillit til þarfa ferðamanna og mikilvægis ferðaþjónustu á öllum sviðum. Miðborgin er hjarta Reykjavíkur, menningarmiðja og jafnframt fjölsóttasti ferðamannastaður

landsins og verður að endurspeglar þetta mikilvæga hlutverk m.a. í gegnum umhverfisgæði, hreinsun og fegrun.

Styrkveitingar og framlög

Helstu breytingar á framlagi menningar- og ferðamálaráðs litast af nýjum samningum til fleiri ára. Samningur um rekstur Borgarleikhússins 2013-2015 er tvíþættur; annars vegar rekstrarstyrkur til starfsemi en hins vegar styrkur vegna innri leigu af húseign og búnaði í Borgarleikhúsinu. Þar er nýmæli að Leikfélag Reykjavíkur skal leggja áherslu á að sinna listuppeldi barna og ungmenna og vinna árlega fræðsluáætlun þar að lútandi í samráði við Menningar- og ferðamálasvið.

Framlag til Hörpu hefur einungis verið endurgreiðsla á fjármögnun byggingarinnar en tilgangur nýs samkomulags um Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhús ohf er að skjóta stoðum undir rekstur hennar með það að markmiði að reksturinn verði eins sjálfbær og kostur er. Samkvæmt því munu Reykjavíkurborg og íslenska ríkið leggja Hörpu til sérstök árleg framlög fyrir árið 2013 – 2016 í réttu hlutfalli við eignarhlut þeirra í félaginu.

Á árinu 2014 bætast tónlistarhátíðirnar Sónar Reykjavík, Reykjavík Midsummer Music og Tectonics við þær hátíðir sem njóta samstarfssamnings til þriggja ára úr svokölluðum Borgarhátíðasjóði, sem ætlað er örva nýsköpun í hátíðahaldi í Reykjavík. Fyrir eru á samningi Iceland Airwaves, HönnunarMars, Jazzhátíð í Reykjavík, Blúshátíð í Reykjavík, Bókmenntahátíð í Reykjavík, Myrkir músíkdagar, Food&Fun, Hinsegin dagar - Reykjavík Gay Pride, Leiklistarhátíðin Lókal og Reykjavík Dance Festival. Listahátíð í Reykjavík nýtur síðan hæsta framlags til hátíða með þríhliða samningi við ríki og borg er gildir til ársloka 2015.

Með gerð samstarfssamninga til þriggja ára er mun sterkari stoðum rennt undir faglegt starf í listalífi





borgarinnar. Stærsti samningurinn er við Heimili kvikmyndanna til rekstrar Bíós Paradísar og Menningarfélagið Tjarnarbíó vegna Tjarnarbíós, en jafnframt eru langtímasamningar við Nýlistasafnið, og Kling og Bang, Samtök um danshús til rekstrar dansverkstæðis og Myndhöggvarafélagið í Reykjavík.

Tónlistarhópurinn Nordic Affect verður Tónlistarhópur Reykjavíkur 2014.

Sviðslistamiðstöðin í Tjarnarbíói og Sjónlistamiðstöð á Korpúlfsstöðum njóta hæstu styrkjanna vegna innri leigu að undanskildu Borgarleikhúsi. Iðnó, SÍM Hafnarstrætis16, Myndhöggvarafélagið Nýlendugötu 13B og 15 og Grafíkfélagið í Hafnarhúsi njóta einnig niðurgreiddrar innri leigu fyrir starfsemi sína.

Menningar- og ferðamálaráð setur sér árlega nýjar verklagsreglur við úthlutun styrkja og eru helst breytingar vegna ársins 2014 þær að ekki verður um skyndistyrki að ræða heldur einungis árlega styrkjaúthlutun enda áhersla frekar lögð á fjölgun langtímasamninga og Borgarhátíðasjóð.

Erlent samstarf

Menningarmálanefndir höfuðborga Norðurlanda halda sameiginlega ráðstefnu annað hvort ár um það sem helst brennur á þeim og verður hún haldin í Kaupmannahöfn 2014.

Menningar- og ferðamálasvið á í margvíslegu erlendu samstarfi. Höfuðborgarstofa greiðir götu erlendra fjölmiðla, kynnir Reykjavík á erlendum mörkuðum og vinnur að markaðssetningu borgarinnar með samstarfsaðilum innan lands og utan, auk aðildar að alþjóðlegum samtökum ferðamála og viðburðahalds. Stjórnendur menningarstofnana og sviðsins sitja í alþjóðlegum samtökum hver á sínu sviði. Nokkuð er um náms- og kynnisferðir starfsmanna til útlanda og tekið er á móti erlendum gestum í sama skyni.

Árangur alþjóðlegs samstarfs verður svo sýnilegur með nýjungum í starfi, alþjóðlegum samstarfsverkefnum, sýningum, ráðstefnum og viðburðum ýmist hér á landi eða erlendis. Þannig einkennist t.a.m. sýningardagskrá Listasafns Reykjavíkur 2014 af samvinnu við sex erlend söfn og Ljósmyndasafn Reykjavíkur tekur þátt í tveimur ljósmyndasýningum erlendis og tilnefnir til alþjóðlegra ljósmyndaverðlauna.

Miðlun og markaðssetning

Haldið verður áfram að þróa nýtingu á margvíslegri rafrænni miðlun á stofnunum sviðsins til upplifunar, kynningar, fræðslu og markaðssetningar. Starfshópur um nýmiðlun og upplýsingatækni heldur áfram störfum ásamt smærri vinnuhópum um afmörkuð verkefni, s.s. ný vefkerfi, fræðslu, fýsileika vefverslunar, gagnaöryggi og samvinnu við UTD.

Á grunni umfangsmikillar greiningar á heimasíðum og samfélagsmiðlum stofnananna og starfsmannafræðslu hefur verið gerð samræmd aðgerðaáætlun fyrir árið. Sérstök áhersla verður lögð á almenna og sértæka kennslu og fræðslu til að starfsmenn geti nýtt enn betur þau tækifæri sem felast í nýmiðluninni. Snjallsímar og spjaldtölvur voru tekin í notkun á sviðinu árið 2013 og verður mikil áhersla lögð á miðlun lifandi myndefnis og gagnvirks viðmóts í kynningarstarfi menningarstofnana. Ljósmyndasafn Reykjavíkur opnar nú rafrænan aðgang að safneigninni enn frekar með því að láta hanna sölukerfi svo kaupa megi myndir beint af myndavefnum og fá þær samtímis sendar til sín í gegnum tölvupóst. Höfuðborgarstofa mun halda áfram gerð stuttra kynningarmyndbanda um hátíðir auk þess að útbúa sambærilegt efni fyrir menningarstofnanirnar til að nýta á vefmiðlum. Hátíðir borgarinnar öðlast nýtt viðmót í nýjum vefumsjónarkerfum.

FERÐAÞJÓNUSTA

Metár í íslenskrri ferðaþjónustu

Árið 2013 hefur einkennst af mikilli sókn í ferðaþjónustu þrátt fyrir að árið 2012 hafi verið metár. Búið er við allt að 800.000 ferðamönnum til landsins 2013 sem samsvarar um 20% aukningu milli árunna 2012 og 2013.

Í október 2013 hafa alls 639.951 ferðamenn komið til landsins um Keflavíkurflugvöll, sem er um 102.000 fleiri en á sama tímabili 2012. Komur erlendra ferðamanna um Keflavíkurflugvöll hafa aukist um 19,2% á milli ára.

Ferðamönnum hefur fjölgað verulega frá flestum mörkuðum. Gestum frá Bretlandi fjölgaði um 41,1%, frá Norður Ameríku um 25,5% og frá öðrum löndum um 25,9%. Mið- og Suður-Evrópubúum fjölgaði hins vegar minna eða um 15% og ferðamönnum frá Norðurlöndum fjölgaði aðeins um 3,9%.

Janúar - ágúst eftir markaðssvæðum

	Breyting milli ára			
	2012	2013	Fjöldi	(%)
Norðurlönd	99.265	103.145	3.880	3,9
Bretland	61.542	86.850	25.308	41,1
Mið-/S-Evrópa	137.345	157.891	20.546	15,0
Norður Ameríka	82.806	103.891	21.085	25,5
Annað	91.327	114.985	23.658	25,9
Samtals	472.285	566.762	94.477	20,0

Heimild: Ferðamálastofa

Ein helsta ástæða aukins ferðamannafjölda til landsins er talin vera aukið aðgengi ferðamanna að landinu og umfangsmeiri markaðssetning. Sautján flugfélög flugu til landsins árið 2013 frá 67 áfangastöðum, þar af tvö ný yfir sumartímann, belgíska flugfélagið Thomas Cook Airlines og spænska flugfélagið Vueling Airlines. Stærsta

flugfélagið með flesta áfangastaði til og frá Íslandi er sem fyrr Icelandair með tvo nýja áfangastaði Anchorage og Sankti Pétursborg. EasyJet mun fjölga ferðum sínum frá Keflavík til Luton flugvallar, í nágrenni Lundúna, úr fjórum í sex í ársbyrjun 2014. Við Lundúnaflugði bætast reglulegar ferðir til Bristol, Edinborgar og Manchester. Veturinn 2013-2014 fljúga 9 flugfélög til landsins en framboð áætunarflugsins minnkar um nærri helming yfir veturinn. Boðið verður upp á áætunarferðir frá 38 borgum í Norður Ameríku og Evrópu. Við bætist nýr áfangastaður en Icelandair mun hefja reglulegt flug til Newark í New York veturinn 2013 og svo bætast Genf, Edmonton og Vancouver í Kanada við árið 2014. Wow hefur tilkynnt að félagið muni hefja flug til Bandaríkjanna vorið 2014.


Annar áhrifaþáttur vaxandi ferðamannafjölda er átakið Inspired by Iceland sem hleypt var af stokkunum eftir eldgosíð í Eyjafjallajökli og verkefnið Ísland allt árið sem fylgdi í kjölfarið. Markmiðið var að fjölga ferðamönnum utan háannar, frá september til apríl, og hefur það markmið náðst. Um 71% fleiri ferðamenn heimsóttu landið veturinn 2012-2013 en veturna 2009-2013. Um 32% fleiri ferðamenn heimsóttu landið veturinn 2012-2013 en veturinn þar á undan.

Ferðamenn í Reykjavík sumarið 2013

Reglubundinni könnun Höfuðborgarstofu á ferðahegðun og upplifun erlendra ferðamanna í borginni var fylgt eftir 2013. Reynsla ferðamanna af Reykjavík fyrstu mánuði árs 2013 var jákvæð eins og í fyrri könnunum. 87% ferðamanna töldu reynslu sína af Reykjavík vera jákvæða miðað við 94% á sama tíma árið 2012. Tölur kannana frá tímabilinu maí - ágúst 2013 liggja ekki fyrir og því ekki hægt að bera þær saman við tölur frá fyrra ári.


Mynd 2.1

Hvað gert í Reykjavík janúar - apríl 2013



Mynd 2.2

Meðaleinkunn afþreyingar janúar-apríl 2013



Veitingahús og verslun er vinsælasta afþreying ferðamanna í Reykjavík í janúar – apríl 2013. Miðað við sama tímabil 2012 hafa söfn/sýningar og sund/ heilsuböð færst upp um eitt sæti hvert og eru nú í 4. og 5. sæti á meðan listviðburðir hafa fallið um eitt sæti í 8. sæti yfir vinsælustu afþreyingu ferðamanna í janúar - apríl 2013 miðað við sama tímabil 2012. En heilsurækt stendur í stað milli ára.

Þegar ferðamenn voru beðnir um að gefa afþreyingunni sem þeir stunduðu í Reykjavík einkunn komu í ljós mismunur á milli vinsælda og mats á gæðum afþreyingar. Því þrátt fyrir fall listviðburða í 8. sæti yfir vinsælustu afþreyingu ferðamanna hafa gæði þeirra aukist að mati ferðamanna og færðust þeir upp í 3. sæti úr 5. sæti milli ára. Á sama tíma eru vinsældir safna/sýninga að aukast en í gæðamati lækka söfnin um eitt sæti.

Ferðamálastefnan er skýr hvað varðar áherslur í markaðssetningu. Markviss kynning á vetrar-, menningar-, ráðstefnu- og heilsuborg kallar á gott samstarf við fjölmarga aðila. Leggja má ríkari áherslu á að efla kynningu listviðburða og heilsurækt auk þess sem ráðgert er að bæta enn samstarf um markaðssetningu við söfn borgarinnar árið 2014.

Borg í sókn

Eitt stærsta verkefni Höfuðborgarstofu á árinu hefur verið að takast á við eitt af forgangsverkefnum ferðamálastefnunnar sem er að endurskoða vörumerki Reykjavíkur. Endurskoðunin hefur staðið allt árið 2013 m.a. með rannsóknnum og málþingum með aðkomu margra. Sveitarfélög höfuðborgarsvæðisins hafa nú sameinast í kynningarstarfi undir vörumerki Reykjavíkur. Markmiðið er að allir hagsmunaaðilar sjái hag sinn í því að nota nýtt vörumerki og sameinist um þau skilaboð sem það ber með sér.

Ráðstefnuborgin Reykjavík, sem tók til starfa í janúar 2012, sinnir afar mikilvægri markaðssetningu. Ferðaðjónusta tengd ráðstefnum, fundum og alþjóðlegum viðburðum af ýmsu tagi er eitt mikilvægasta sóknarfæri Reykjavíkur á næstu árum. Samkvæmt rannsóknnum eru gestir sem tilheyra hópi ráðstefnuferðamanna (MICE) hvað verðmætastir þar sem heimsóknir þeirra dreifast yfir allt árið, ekki síst vetrartímam. Þessi tegund ferðamanna ver meira fjármagni en hinn hefðbundni ferðamaður. Það er því áriðandi að sækja markvisst á þennan arðbæra markað sem gerir ferðaðjónustufyrirtækjum kleift að viðhalda starfsemi allt árið og veita þannig duglega innspýtingu inn í íslenska hagkerfið. Á vegum Ráðstefnuborgarinnar hefur mikil sókn átt sér stað erlendis og fjöldi fyrirspurna um ráðstefnur og hvataferðir hafa leitt til viðskipta hjá aðildarfélögum og fer þeim stöðugt fjölgandi. Í september 2013 eru aðildarfélagar alls 38 nemur rekstrarfé kr. 127,5 m.kr. í formi aðildarfélagsgjalda.

Mörg spennandi verkefni eru framundan í ferðaðjónustu í Reykjavíkur en flest bendir til þess að fjölgun ferðamanna til Íslands haldi áfram á næstu árum. Reykjavík er vinsæll áfangastaður erlendra ferðamanna og mikilvægt að halda því góða markaðsstarfi sem hefur átt sér stað síðustu ár áfram á faglegan hátt. Fulltrúar ferðaðjónustunnar eru bjartsýnir á framtíðina, en eitt stærsta áhyggjuefnið er að fjölgun gesta reyni um of á þolmörk ferðamannastaða.

Þetta á líka við um miðborg Reykjavíkur, sem er fjölsóttasti ferðamannastaður landsins, þar sem reynir á aukna umhirðu og þjónustu. Æskilegast væri því að Reykjavíkurborg hefði meiri beinar tekjur af komum ferðamanna s.s. í formi gistináttgjalds eða eðlilega hlutdeild í verulegum skatttekjum ríkisins af greininni.

BÖRN OG MENNINGARUPPELDI

Markmið í menningarstefnu

Börn, ungmenni og fjölskyldur þeirra eru virkir þátttakendur í menningarlífinu og framlag þeirra til menningar er metið að verðleikum. Menning og listir eru snar þáttur í uppeldi og kennslu barna og ungmenna í borginni. Leikskólar, grunnskólar og frístundamiðstöðvar eiga góða samvinnu um listuppeldi við listamenn, söfn og menningarmiðstöðvar í borginni.

Menningarstefna í verki

Í verkum Menningar- og ferðamálasviðs endurspeglast stefnan á margvíslegan hátt, jafnt hjá menningarstofnununum, í miðlægum verkefnum, sem og í stuðningi fagráðsins við verkefni á sviði listmiðlunar sem tengjast listuppeldi barna.

Stærstu styrkhafarnir, Leikfélag Reykjavíkur, Listahátíð í Reykjavík og Sinfóníuhljómsveit Íslands sinna veigamiklu hlutverki í listuppeldi barna. Þá má nefna tvö miðlæg verkefni er tengjast barnamenningu á sviðinu en það er í fyrsta lagi Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO og í öðru lagi skapandi samstarf milli Menningar- og ferðamálasviðs og Skóla- og frístunda-sviðs með sameiginlegum verkefnastjóra barnamenningar.

Verkefnastjóri barnamenningar

er nú kominn til að vera sem samstarfsverkefni Skóla- og frístundasviðs (SFS) og Menningar- og ferðamálasviðs (MOF). Hann kemur t.a.m. að Barnamenningarhátíð í Reykjavík, Skrekki - hæfileikakeppni grunnskólanna, Upptaktinum - tónsköpunarverðlaunum barna og ungmenna, Norðurljósum - norrænni listahátíð barna og ungmenna auk samstarfs við Borgarleikhús og Bíó Paradís um skólasýningar. Síðast en

ekki síst heldur hann utan um Biophiliu, Menningarfánann og kynningu á fræðslutilboðum menningarstofnana fyrir SFS.

Biophilia—tónvísindasmiðjur

Biophilia, samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar, Háskóla Íslands og Bjarkar Guðmundsdóttur hefur verið í mikilli gerjun síðustu tvö ár og verður eitt af formennskuverkefnum Íslendinga í Norrænu ráðherranefndinni 2014. Það verður kynnt sérstaklega á Norðurlöndum, en átta borgir munu taka þátt í þessari þróunarvinnu sem kallar á nýja sýn og nýjar aðferðir. Markmiðið er að brjóta upp hið hefðbundna kennsluform og hvetja til víðtæktrar þátttöku þvert á aldurshópa, námsgreinar og fagsvið, þar sem sköpun er notuð sem menntunar- og rannsóknaraðferð.

Menningarfáni Reykjavíkurborgar

er þróunarverkefni sem hvetur til menningarstarfsemi á leikskólum, í grunnskólum og frístundaheimilum. Vefsíðan menningarfani.is þróast sem upplýsingabrunnur fyrir þá sem að starfa að barnamenningu. Lögð verður sérstök áhersla á að kynna verkefnið betur og hvetja til þátttöku.



BARNAMENNING, FRÆÐSLA OG LISTIR



Safnfræðsla

Safn er hluti af borg

Heimsókn með nemendum í listasafn má tengja við fjölmörg námssvið, svo sem lífsleikni, íslensku, náttúrufræði, umhverfismennt, samfélagsgreinar og stærðfræði.

Hver á listasafnið?

Úr hvernig efnum eru listaverk búið til úr?

Hvernig var þetta í gamla daga?

Hvænær byrjar sýningin?

Hvað eru margar myndir hér inni?

Litir og umhverfið



REYKJAVÍK BÓKMENNTABORG UNESCO



Hlutverk

Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO er menningarsskrifstofa sem hefur það hlutverk að miðla bókmenningu og orðlist til borgarbúa og gesta borgarinnar. Hún stendur fyrir lestrarhvetjandi verkefnum fyrir börn og fullorðna, eflir bókmennta- og ritlistarlífið í borginni og gerir bókmenntasögu hennar aðgengilega í borgarlandinu. Hún styður við ímynd Reykjavíkur sem borg orðlistar, innanlands og utan og tekur þátt í alþjóðlegu starfi með öðrum Skapandi borgum UNESCO.

Leiðarljós Bókmenntaborgar

Að Reykjavík verði þekkt sem borg orðlistar, jafnt innanlands sem og á alþjóðlegum vettvangi. Stoðir hennar verði styrktar í samstarfi við aðra þá sem koma að bókmenningu og ritlist á breiðum vettvangi.

Meginmarkmið

Að halda utan um það mikla starf sem þegar er unnið á sviði bókmenningar og orðlistar og það kynnt á aðgengilegan og aðlaðandi hátt. Að hvetja til frekara samstarfs og nýsköpunar á sviði orðlistar og lestrarmenningar. Að bókmenntir og ritlist verði ein af stoðum skapandi starfs í borginni. Að efla alþjóðatengsl á vettvangi bókmennta, orðlistar og annarra skapandi greina.



HELSTU VERKEFNI 2014

Bókmenntaborgin hefur verið að festa sig í sessi frá því að skrifstofan var sett á fót haustið 2011. Árið 2014 verður haldið áfram að þróa verkefni hennar og ný bætast við. Stærsta verkefni ársins verður Lestrarhátíð í Reykjavík, sem verður haldin í þriðja sinn, en þessi mánaðarlanga hátíð er flaggskip Bókmenntaborginnar og markmiðið að hún dafni og verði þekkt stærð í lífi borgarbúa. Eftir sem áður verður meginverkefni Bókmenntaborgarinnar að styðja við og hvetja til skapandi starfs á sviði orðlista á fjölbreyttan og lifandi hátt, standa fyrir verkefnum sem stuðla að lestri og ritlist og miðla bókmenningu.

Samstarf

Bókmenntaborgin leggur sérstaka áherslu á samstarf, bæði innan borgar og utan svo og á alþjóðavísu. Nýju landsátaki í lestri verður hleypt af stokkunum vorið 2014 í samvinnu við Miðstöð íslenskra bókmennta og fleiri samstarfsaðila á bókmenntasviðinu, en því verður beint að öllum aldurshópum. Fyrirmynd þessa verkefnis er m.a. þátttökuverkefni í hreyfingu sem ÍSÍ stendur að. Þrjú alþjóðleg samstarfsverkefni eru áætluð á árinu, pólsk-íslenska ljóðaverkefninu ORT sem hófst 2013 lýkur og í ársbyrjun hefst smásagnaverkefnið *Transgressions: International Narrative Exchange*, en þrjár borgir taka þátt í því auk Reykjavíkur. Þá mun samstarf Bókmenntaborgarinnar og Goethe stofnunar halda áfram og mun þýskur gestaríthöfundur dvelja í Reykjavík um nokkurra vikna skeið vorið 2014.

Bókmenntaborgin tekur þátt í Listahátíð í Reykjavík, stendur að sýningu og viðburði um Melittu Urbancic með Landsbókasafni og fleirum og einnig mun hún að venju standa fyrir viðburðum á borgarhátíðum Reykjavíkur, ein eða í samvinnu við aðra, auk þess sem hún stendur fyrir árlegri Bókamessu í Ráðhúsi Reykjavíkur í

samstarfi við Félag íslenskra bókaútgefenda og sýningunni *The Art of Being Icelandic* í samstarfi við Miðstöð íslenskra bókmennta og Ráðhúsið. Bókmenntaborgin er meðlimur í samstarfsneti Skapandi borga UNESCO og tekur þátt í verkefnum og samræðu á þeim vettvangi.

Rafræn miðlun

Rafræn miðlun verður áfram snar þáttur í starfi Bókmenntaborgarinnar. Smáforritið *Literary Reykjavik* verður þróað áfram, en þar geta notendur kynnst bókmenntum og sögu borgarinnar á skemmtilegan og aðgengilegan hátt. Bókmenntaborgin, Borgarbókasafn og nú einnig Minjasafn vinna saman að þessari miðlun og mun það samstarf halda áfram. Einnig verður haldið áfram að kortleggja bókmenntasögu borgarinnar og merkja staði sem þar skipta sköpum. Snjallsímavefur Bókmenntaborgarinnar er nýttur í þessu skyni en þar geta notendur nálgast myndir, hljóð og stiklur sem styðja við merkingar í borgarlandinu. Vefirnir bokmenntaborgin.is og bokmenntir.is, sem Borgarbókasafn rekur, verða sameinaðir á árinu í nýjan og enn öflugri bókmenntavef. Samstarfi Bókmenntaborgar, Minjasafns og Listasafns við menningarmerkingar, sem hófst árið 2013, verður haldið áfram.

Viðburðadagatal

Bókmenntaborgin tekur þátt í borgarhátíðum Reykjavíkur með bókmenntatengdum viðburðum. Einnig stendur Bókmenntaborgin fyrir margvíslegum bókmenntaviðburðum í samstarfi við ólíkar stofnanir, hópa og einstaklinga. Stærsti viðburður ársins er Lestrarhátíð sem haldin er árlega í október og stendur allan mánuðinn. Nýtt verkefni á árinu verður lestrarátak á landsvísu sem áætlað er að hefjist í nóvember.

Viðburðadagatal Reykjavík Bókmenntaborgar 2014

Febrúar	Vetrarhátíð
Mái	Barnmenningarhátíð og Listahátíð í Reykjavík
Júlí	Art of being Icelandic – sýning í Ráðhúsinu
Ágúst	Menningarnótt
Október	Lestrarhátíð
Nóvember	Bókamessa; Lestrarsprettur, landsátak
Desember	Lestrarsprettur, landsátak

FJÁRMÁL OG REKSTUR

Rekstur

Menningar- og ferðamálasvið leggur áfram ríka áherslu á að finna hagkvæmustu leiðir í rekstri um leið og leitast er við að uppfylla metnaðarfull markmið stefnumörkunar Reykjavíkurborgar í málaflökkunum. Hagræðingarkrafan sem birtist árið 2014 í því að engar vísitölubætur koma á breytilegan kostnað í rekstri utan afmarkaðra þátta, bitnar þyngst á stofnunum sviðsins sem hafa síðustu ár orðið fyrir um 20% raunniðurskurði á framlögum borgarsjóðs. Kostnaður í rekstri stofnana sviðsins hefur verið skorinn niður árvisst að árinu 2013 undanskildu, en reynt verður að mæta þessari þröngu stöðu m.a. með því styrkja eftir margvíslegum leiðum öflun sértekna hjá stofnunum sviðsins.

Breytingar á gjaldskrár stofnananna taka annars vegar mið af miðlægum viðmiðum fjárhagsáætlunar og hins vegar hefur sviðið sett sér skýr markmið um að nýta sem best kaupmátt erlendra ferðamanna með því að hækka einkisþing aðgang umfram viðmið og fjölga fullborgandi gestum. Farið verður í áttátt að kynna starfsemi menningarstofnana Reykjavíkurborgar fyrir ferðafjórðunastunni og sölu- og markaðsáttak er framundan á Gestakorti Reykjavíkur. Hins vegar verður áfram lögð rík áhersla á að borgarþingari njóti betri kjara og hagkvæmni stærðar Reykjavíkur. Þannig verður sérstakt áttak gert í að auka kynningu og sölu á Menningarkorti Reykjavíkur og verðinu haldið óbreyttu á milli ára. Sérstakt áttak verður sett af stað til að efla safnabúðir, auka veltu og framlegð.

53% af fjárhagsramma ársins verður varið til styrkja og samninga, en 41% af fjárhagsramma verður varið til rekstrar stofnana sviðsins.

Samruni stofnana

Borgarráð samþykkti þá tillögu menningar- og ferðamálaráðs að rekstur og starfsemi Víkurinnar – Sjóminjasafns Reykjavíkur ses. verði yfirtekinn með eignum og skuldum sjálfseignastofnunarinnar og safnið gert að borgarsafni. Samhliða var sviðsstjóra falið að leiða sameiningu á rekstri og þjónustu Minjasafns Reykjavíkur, Ljósmyndasafns Reykjavíkur, Viðeyjar og Víkurinnar – Sjóminjasafns Reykjavíkur í samræmi við forsendur og markmið fyrirbyggjandi samrunaáætlunar. Áætlað er að nýtt safn taki formlega til starfa um mitt ár 2014. Könnuð verða tækifæri sem felast í samstarfi og samrekstri Borgarbókasafns Reykjavíkur og Menningarmiðstöðvarinnar Gerðubergs með það að markmiði að styrkja framtíð bókasafnanna sem menningarmiðju í hverfum og auka vægi viðburðadagskrár í söfnunum um alla borg árið um kring.

Mannauðsmál

Hvetjandi og jákvætt starfsumhverfi er sá grunnur sem Menningar- og ferðamálasvið leggur áherslu á í mann-

Fjármál

FRUMVARP 2014 (í þús. kr.)

Tekjur

Rekstrartekjur	255.343
Rekstrartekjur samtals	255.343

Gjöld

Laun og launatengd gjöld	901.575
Innri leiga	822.714
Annar rekstrarkostnaður	2.251.894
Rekstrargjöld samtals	3.976.183

Rekstrarniðurstaða 3.720.840

Starfsmenn

Starfsmannafjöldi 2014

Fjöldi starfsmanna	214
Fjöldi stöðugilda	147,4

Stöðugildi eftir stofnunum


Borgarbókasafn Reykjavíkur	74,1
Listasafn Reykjavíkur	20,6
Minjasafn Reykjavíkur	18,8
Höfuðborgarstofa	11,9
Menningarmiðstöðin Gerðuberg	7,9
Ljósmyndasafn Reykjavíkur	5,0
Skrifstofa sviðs	4,8
Sérverkefni	3,0
Viðey	1,3

auðsmálum. Niðurstöður starfsmannakönnunar sýna að almennt eru starfsmenn sviðsins jákvæðir og reiðubúnir til að leggja mikið á sig til að ná árangri í starfi.

Starfsmannakannanirnar eru gott tæki sem nýtt er til að leggja áherslu í mannauðsmálum á hverri stofnun sem og í sameiginlegum verkefnum þvert á sviðið.


Með þátttöku starfsmanna í starfshópum sem myndaðir eru þvert á sviðið er unnið að málum er snerta bætt upplýsingaflæði, fræðslu- og kynningarfundir, vistaskipti og heilsueflingu, auk fræðslu um einelti og áreitni og fyrirbyggjandi aðgerðir í þeim efnum með jákvæðum hætti.

Skipting rekstrar




- Stjórnun sviðs
- Stofnanir sviðs
- Styrkir og samstarfssamningar
- Annað

Skipting gjalda




- Lauðakostnaður
- Innri leiga húsnæðis, áhalda og tækja
- Styrkir og framlög án innri leigu
- Annar rekstrarkostnaður

Styrkir og samningar



- Leikfélag Reykjavíkur
- Listahátíð í Reykjavík
- Sjónlistarmiðstöð Korpúlfsstöðum
- Ráðstefnuborgin Reykjavík
- Tjarnarbíó
- Aðrir styrkir og samstarfssamningar
- Sinfóníuhljómsveit Íslands
- Tónlistar- og ráðstefnuhúsið Harpa

Stofnanir sviðs



- Borgarbókasafn Reykjavíkur
- Listasafn Reykjavíkur
- Minjasafn Reykjavíkur
- Höfuðborgarstofa
- Menningarmiðstöðin Gerðuberg
- Ljósmyndasafn Reykjavíkur
- Viðey

FJÁRHAGSÁÆTLUN 2014

		Rekstrar-	Esk	Áætlun 2014			
		niðurstaða	áætlun	Tekjur	Laun og ltgj.	Annar rekstrar- kostn	Samtals
		2012	2013				
Yfirstjórn							
Menningar- og ferðamálaráð	03100	12.639	13.040	0	12.352	1.400	13.752
Skrifstofa Menningar- og ferðamála .	03110	64.929	66.475	0	53.793	13.584	67.376
		77.568	79.515	0	66.144	14.984	81.128
Höfuðborgarstofa							
Höfuðborgarstofa	07400	122.519	130.095	-55.607	76.025	116.833	137.251
		122.519	130.095	-55.607	76.025	116.833	137.251
Borgarbókasafn Reykjavíkur							
Skrifstofa	03200	154.773	179.075	-41.200	63.412	162.552	184.764
Aðalsafn	03201	129.380	133.762	0	115.470	15.831	131.301
Kringlusafn	03202	69.666	70.278	0	42.856	29.259	72.115
Sólheimasafn	03203	32.610	34.254	0	27.827	9.321	37.148
Gerðubergssafn	03205	65.187	68.351	0	43.119	26.281	69.400
Foldasafn	03207	45.392	51.012	0	36.683	11.300	47.983
Ársafn	03208	53.686	54.717	0	41.388	14.192	55.579
Artótek	03209	-580	-93	-2.000	1.412	499	-89
Bókabifreiðar	03250	22.139	23.492	0	16.601	7.755	24.356
		572.252	614.849	-43.200	388.767	276.990	622.557
Listasafn Reykjavíkur							
Listasafn Reykjavíkur	03300	143.950	157.864	-14.020	81.011	93.301	160.291
Safnráð Listasafns Reykjavíkur	03305	410	335	0	359	0	359
Hafnarhús	03310	62.988	68.269	-30.220	22.492	77.543	69.815
Kaffiteríur	03311	-4.406	-4.600	-5.900	0	1.000	-4.900
Kjarvalsstaðir	03320	61.858	62.721	-17.200	21.834	60.506	65.140
Ásmundarsafn	03330	19.523	18.495	-8.600	11.687	15.872	18.959
Listaverk á opnum svæðum	03350	5.358	7.039	0	0	6.330	6.330
Listaverkakaup	03360	12.023	15.672	0	0	15.672	15.672
		301.703	325.795	-75.940	137.383	270.223	331.666
Minjasafn Reykjavíkur							
Árbæjarsafn	03700	138.435	146.673	-20.280	99.308	92.886	171.914
Minjasafn - gjaldfærðir safngripir	03705	5.968	9.336	0	0	9.336	9.336
Landnámssýning	03710	47.667	51.423	-34.700	23.470	58.788	47.558
		192.070	207.432	-54.980	122.778	161.010	228.808
Aðrar menningarstofnanir							
Menningarmiðstöðin Gerðuberg	03500	78.979	83.373	-5.820	49.126	41.019	84.325
Ljósmyndasafn Reykjavíkur	03600	40.910	43.034	-13.660	32.569	24.759	43.668
Viðey	03900	65.914	70.819	-3.835	10.577	66.528	73.270
		185.803	197.225	-23.315	92.272	132.306	201.263

		Rekstrar-	Esk	Áætlun 2014			
		niðurstaða	áætlun	Tekjur	Laun og ltgj.	Annar rekstrar- kostn	Samtals
		2012	2013				
Styrkir og samstarfssamningar							
Leikfélag Reykjavíkur	03101	767.081	837.443	0	0	860.039	860.039
Listahátíð	03105	33.600	36.000	0	0	36.000	36.000
Sjónlistarmiðstöðin Korpúlfsstöðum ..	03109	21.315	27.603	0	0	28.146	28.146
Loftbrýr	03111	3.620	3.700	0	0	3.700	3.700
Styrkir og rekstarsamningar	03113	102.457	125.270	0	0	143.810	143.810
Ráðstefnuborgin Reykjavík	03131	0	40.000	0	0	40.000	40.000
Tjarnarbió - Sjálfstæðu leikhúsin	03135	33.903	35.337	0	0	36.301	36.301
Húsnæðisstyrkir til menningarmála ..	03140	35.200	33.548	0	0	34.208	34.208
Sjóminjasafn	07250	20.000	22.000	0	0	29.480	29.480
		1.017.176	1.160.901	0	0	1.211.684	1.211.684
Framlög							
Sinfóníuhljómsveit Íslands	03102	168.426	163.680	0	0	169.245	169.245
Framlag til Hörpu	03145	468.420	559.457	0	0	574.429	574.429
		636.846	723.137	0	0	743.674	743.674
Annað							
Ófyrirséð og sameiginlegur kostn.	03120	23.468	26.012	0	0	42.337	42.337
Tengsl skóla og menningarstofnana	03121	3.964	9.900	0	0	9.900	9.900
Gjaldfærðir lausafjármunir	03125	6.936	8.830	0	0	8.830	8.830
Sérverkefni	03137	26.241	82.106	-2.300	18.205	74.340	90.244
Innri leiga áhalda og tækja	03999	30.484	8.676	0	0	11.497	11.497
		91.093	135.524	-2.300	18.205	146.904	162.808
Menningar- og ferðamálasvið samtals		3.197.030	3.574.473	-255.343	901.575	3.074.608	3.720.840



STEFNUKORT

Gildi: Mannrækt – Orka – Fagmennska

Þjónusta	Menningaruppeldi	Höfuðborg menningar	Eftirsóknarverður áfangastaður	Nýsköpun	
Fjármál	Hagkvæm nýting og stýring fjármuna	Sterk kostnaðarvitund	Gagnsæi í styrkveitingum	Verðmætasköpun	
Verklag	Samstarf og samráð	Öflug miðlun	Gott aðgengi og almenn þátttaka	Hlúð að sögu og menningarminum	Skýr stefnumörkun og gagnsæ stjórnsýsla
Mannauður	Hæfir og áhugasamir starfsmenn	Hvetjandi og jákvætt starfsumhverfi	Árangursríkir stjórnunarhættir		

Þjónusta

Menningaruppeldi

Mikilvægur hluti starfsemi allra menningarstofnana borgarinnar er fræðsla og miðlun til fólks á öllum aldri. Að auki er eitt af meginmarkmiðum menningarstefnunnar að menning og listir séu snar þáttur í uppeldi og kennslu barna á öllum skólastigum.

Höfuðborg menningar

Höfuðborgarhlutverkið gengur sem rauður þráður í gegnum menningar- og ferðamálastefnur Reykjavíkurborgar. Reykjavík er höfuðborg menningar í landinu og Bókmenntaborg UNESCO. Menningarlífið byggir á menningararfi, frjórri hugsun og frumkvæði og einkennist af fjölbreytni og virkri þátttöku íbúa og gesta. Menningarborgin er ein af fjórum stoðum ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar.

Eftirsóknarverður áfangastaður

Reykjavík er eftirsóttur áfangastaður ferðamanna allt árið um kring. Hún eflist sem vettvangur ráðstefna og alþjóðlegra viðburða og er þekkt sem áhugaverð menningarborg í nábýli við einstæða náttúru. Sérstaða Reykjavíkur sem heilsuborgar felst í nýtingu á hreinni orku, heitu vatni og fyrsta flokks aðstöðu.

Nýsköpun

Menningarlíf og ferðaþjónusta í borginni einkennist af þrótti og metnaði og nýtur hvatningar til nýsköpunar og þróunar. Aðstaða og rými er til staðar fyrir fjölbreytta ferðaþjónustu, kraftmikið listalíf og aðra menningarstarfsemi.

Fjármál

Hagkvæm nýting og stýring fjármuna

Lögð er áhersla á markvissa fjármálastjórn, þar sem leitað er hagkvæmstu leiða, með aðhald og skilvirkni að leiðarljósi.

Sterk kostnaðarvitund

Rekstrarleg ábyrgð stjórnenda er skýr og upplýsingar um reksturinn aðgengilegar. Þannig eflist kostnaðarvitund um leið og eðlilegu aðhaldi og eftirliti er viðhaldið.

Gagnsæi í styrkveitingum

Verklagsreglur um styrkveitingar eru skýrar og eftirfylgni með veittum styrkjum markviss.

Verðmætasköpun

Menning og ferðamál eru auðlindir sem leggja grunn að efnahags- og atvinnulífi borgarinnar. Lögð er áhersla á beint og óbeint framlag þeirra og annarrar skapandi starfsemi til efnahagslífsins.

Verklag

Samstarf og samráð

Samstarf og samráð er lykilatriði í menningar- og ferðamálum. Áhersla er lögð á samvinnu milli stofnana og fagsviða borgarinnar og hagsmunaaðila innan lands og utan. Hafa ber samráð við borgarþúa með reglulegum könnunum á viðhorfum þeirra og óskum.

Öflug miðlun

Stofnanir á Menningar- og ferðamálasviði leggja áherslu á þróun miðlunar. Með því að vera í fararbroddi í nýmiðlun bæta þessar stofnanir þjónustu sína og kynningu.

Gott aðgengi og almenn þátttaka

Menningarlífið í borginni er aðgengilegt öllum og einkennist af fjölbreytni, víðsýni og virðingu. Það laðar fólk til borgarinnar, hvetur til almennrar þátttöku og stuðlar að betra mannlífi.

Hlúð að sögu og menningarminjum

Menning, listir og saga eru grunnur borgarmyndarinnar. Unnið er fjölbreytt, markvisst og faglegt starf á sviðum söfnunar, rannsókna, varðveislu og miðlunar. Menningararfurinn er sýnilegur í borgarlandinu og áhersla lögð á menningarlega sérstöðu Reykjavíkurborgar.

Skýr stefnumörkun og gagnsæ stjórnsýsla

Vægi menningar og ferðamála í stjórnkerfi borgarinnar er ótvírætt. Skipulag menningar- og ferðamála er skýrt og stjórnun þeirra markviss.

Mannauður

Hæfir og áhugasamir starfsmenn

Tryggja skal starfsmönnum góð starfsskilyrði og gefa þeim tækifæri til að auka þekkingu sína og færni.

Hvetjandi og jákvætt starfsumhverfi

Samskipti einkennast af trausti og virðingu og starfsumhverfi er hvetjandi og jákvætt. Lögð er áhersla á að virkja frumkvæði, metnað og frjóa hugsun meðal starfsmanna.

Árangursríkir stjórnunarhættir

Stjórnendur tileinka sér góða stjórnunarhætti, sem m.a. fela í sér jákvætt viðhorf til samstarfsmanna, virkt upplýsingastreymi og dreifingu valds og ábyrgðar. Stjórnendur hafa tækifæri til símenntunar og nauðsynleg tæki til að sinna stjórnunarhlutverki sínu.

SKORKORT 2014

Vidd / velgengnisþáttur	Mælikvarði	Rauntölur 2012	Áætlun 2013	Markmið 2014
Þjónusta				
Menningaruppeldi	Fjöldi viðburða sérstaklega skipulagðir fyrir börn og fjölskyldur	137	133	141
	Fjöldi barna og unglinga í skipulögðum heimsóknum.	44.914	44.400	46.100
Höfðuborg menningar	Hlutfall ánægðra gesta Menningarnætur samkvæmt Gallupkönnun	68%	69%	72%
	Fjöldi fjölmeningartengdra verkefna og viðburða	36	26	27
	Fjöldi nýrra sýninga á menningarstofnunum *		60	50
	Fjöldi erlendra ferðamanna í skipulögðum heimsóknum á stofnanir sviðsins	3.359	3.750	4.510
Eftirsóknarverður áfangastaður	Aðsókn að stofnunum sviðsins	1.293.224	1.402.000	1.409.150
	Ánægja með þjónustu/starfsemi stofnana sviðsins	85%	88%	88%
	Kynningarfundir um Reykjavík sem áfangastað *		105	42
Nýsköpun	Nýmæli í starfsemi	30	16	17
Fjármál				
Hagkvæm nýting og stýring fjármuna	Fjárhagsáætlun v/raun	0,1%	1%	+/- 1%
Sterk kostnaðarvitund	Kostnaður við rekstur stofnana sviðsins pr. gest	1.063	1.056	1.080
Verðmætasköpun	Fjöldi verkefna þar sem samstarfsaðilar fjármagna a.m.k. 15% af kostnaði	55	38	33
	Sértekjur stofnana sviðsins sem hlutfall af ramma	-19%	-16%	-17%
Verklag				
Samstarf og samráð	Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna	41	38	40
	Fjöldi samráðsfunda og aðgerða sem hvetja til þátttöku almennings í þróun, stefnumótun og ákvarðanatöku	10	11	6
Öflug miðlun upplýsinga	Fjöldi heimsókna á vefsvæði stofnana sviðsins	695.995	741.400	871.200
	Fjöldi fylgjanda á samfélagsmiðlum *		62.400	65.000
	Fjöldi síðuflettinga á vefsíðum *		3.127.300	3.333.000
Gott aðgengi og almenn þátttaka	Hlutfall gesta sem eru ánægðir með viðmót starfsmanna	83%	90%	88%
Hlúa að sögu og menningarminjum	Fjöldi rannsóknarverkefna	21	19	12

Vidd / velgengnisþáttur	Mælikvarði	Rauntölur 2012	Áætlun 2013	Markmið 2014
Mannauður **				
Hæfir og áhugasamir starfsmenn	Hlutfall starfsmanna sem eru ánægðir í starfi þegar á heildina er litið		90%	90%
	Hlutfall starfsmanna sem hlakka til að mæta í vinnuna		86%	86%
	Hlutfall starfsmanna sem telur hæfni sína vel nýttá í starfi		85%	85%
	Hlutfall starfsmanna sem telur samvinnu góða á sínum vinnustað		90%	90%
Hvetjandi og jákvætt starfsumhverfi	Hlutfall starfsmanna sem telur sig fá nauðsynlegar upplýsingar sem snerta starf sitt og/eða vinnustað		80%	80%
	Hlutfall starfsmanna sem hefur verið hrósað fyrir vel unnin störf á síðustu mánuðum		80%	80%
	Hlutfall starfsmanna sem ekki hafa orðið fyrir einelti frá samstarfsfólki á síðustu 12 mánuðum		100%	100%
Árangursríkir stjórnunarþættir	Hlutfall starfsmanna sem bera traust til yfirmanns síns		90%	90%
	Hlutfall starfsmanna sem finnst vinnstað sínum vel stjórnað *		80%	80%
	Hlutfall starfsmanna sem hafa farið í árlegt starfsmannasamtal á síðustu 12-15 mán.		80%	80%
	Hlutfall starfsmanna sem hefur fengið tækifæri til símenntunar og starfsþróunar á síðustu 12 mánuðum		80%	80%


* Nýir mælikvarðar 2013

** Engar rauntölur 2012, ekki gerð hefbundin könnun meðal stm.

95-100% markmiðum náð

75 - <95% þarf að nást

Minna en 75% markmiða náð







BORGARBÓKASAFN
REYKJAVÍKUR

Hlutverk

Borgarbókasafn Reykjavíkur er upplýsinga- og menningarstofnun sem starfar í samræmi við gildandi lög um almenningsbókasöfn.

Leiðarljós

Borgarbókasafn Reykjavíkur standi jafnfætis bestu almenningsbókasöfnum heimsins hvað varðar búnað og þjónustu og efli menningu í fjölbreyttu og alþjóðlegu umhverfi. Starfsemi safnsins einkennist af víðsýni og virðingu.

Meginmarkmið

- Borgarbókasafn sé aðgengilegt öllum borgarbúum
- Heimsóknir í Borgarbókasafn séu hluti af daglegu lífi borgarbúa
- Heimsóknir í Borgarbókasafn séu hluti af menningaruppeldi barna og unglinga
- Borgarbókasafn sé leiðandi í kynningu á bókmenntum
- Safnkostur uppfylli óskir og þarfir viðskiptavina
- Starfsemi Borgarbókasafns sé lýðræðisleg, opin og í sífelldri þróun
- Borgarbókasafn hafi á að skipa ánægðum og hæfum starfsmönnum
- Fjármunum sé vel varið



Fjármál 2014

FRUMVARP 2014 (í þús. kr.)

Tekjur

Rekstrartekjur 43.200

Gjöld

Laun og launatengd gjöld 388.767

Innri leiga 107.826

Annar rekstrarkostnaður 169.164

Rekstrarniðurstaða 622.557

Starfsmannafjöldi 2014

Heildarfjöldi starfsmanna 97

Fjöldi stöðugilda 74,1

Safnið starfar í samræmi við gildandi stefnur og samþykktir Reykjavíkurborgar þar á meðal samþykkt um Borgarbókasafn frá 2002; Bókasafnalög nr 50/2012; yfirlýsingu Menningar- og vísindastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) um almenningsbókasöfn frá 1994 og yfirlýsingu Alþjóðasamtaka bókasafna og bókavardafélaga (IFLA) um fjölmenningsleg bókasöfn.

Borgarbókasafn Reykjavíkur rekur sex söfn; aðalsafn í Grófarhúsi, Ársafn, Gerðubergssafn, Foldasafn, Kringlusafn og Sólheimasafn, einnig bókabíllinn Höfðingja með tæplega 40 viðkomustöðum og sögubíllinn Æringja sem heimsækir m.a. rúmlega 90 leikskóla borgarinnar auk hverfahátíða.

HELSTU VERKEFNI 2014

Að heiman og heim

Almenningsbókasöfn hafa verið að þróast æ meira í átt að alhliða menningarmiðstöðvum þar sem fólk nýtur menningar- og lista, sækist eftir félagsskap og félagsaðstöðu og endurnærast í amstri dagsins. Þau hafa verið að setja sér ný markmið sem lúta að upplifun, styrkingu, þátttöku fólks og nýsköpun. Þó má aldrei missa sjónar á því grunnhlutverki almenningsbókasafnsins að upplýsa og fræða og minna á að þau eru lögbundin stofnun og sveitarfélögum ber skylda til að reka almenningsbókasöfn. Í árslok 2012 voru samþykkt ný bókasafnalög og þar segir m.a.: „Bókasöfn eru þjónustustofnanir sem starfa í þágu almennings og eigenda sinna og eru ekki rekin í hagnaðarskyni. Sameiginlegt markmið bókasafna, sem undir lög þessi falla, er að veita aðgang að fjölbreyttu safnefni og upplýsingum á mismunandi formi. Þau skulu efla menningar- og vísindastarfsemi, menntun, símenntun, atvinnulíf, íslenska tungu, ánægjulestur og upplýsingalæsi. Hlutverk bókasafna er að jafna aðgengi að menningu og þekkingu. Áhersla skal lögð á að safnkostur bókasafna endurspegli sem flest sjónarmið.“ Árið 2014 verður nýtt til að styrkja enn frekar þessi markmið. Á árinu 2013 var safnkostur skoðaður vandlega og verður áframhaldið þeirri vinnu á árinu 2014 með það í huga að styrkja safnið enn frekar sem brunn þekkingar, upplýsinga og ánægju.

Á árinu 2014 á að skoða samruna BBS og Menningarmiðstöðvarinnar Gerðubergs. Í því felast mörg tækifæri fyrir almenningsbókasafnið til að útvíkka starfsemi sína enn frekar sem menningar- og hverfamiðstöð.

Skoðað verður hvernig færa megi þjónustu safnsins meira út á meðal borgarbúa og óhefðbundnar leiðir kannaðar í því sambengi.

Mikil samvinna er milli Reykjavíkur Bókmenntaborgar UNESCO enda tengsl Borgarbókasafns Reykjavíkur við verkefnið mjög sterk. Áfram verður unnið að viðburðum og verkefnum árið 2014 í samvinnu við Bókmenntaborgina, t.d. á Lestrarhátíð í október.

Áfram verður unnið að því markmiði að opna nýtt safn í Úlfarsárdal, en forsögn að slíku safni var samþykkt í lok árs 2013.

Ný tækni

Síðla árs 2013 tók Borgarbókasafn í notkun nýja tækni við umsýslu safnkosts síns. Í stað strikamarkja eru nú notaðar örflögur í allar bækur sem auðveldar alla umgengni við safnkost, hvort sem er fyrir starfsfólk eða notendur. Nýjar sjálfsafgreiðsluvélar voru teknar í notkun í september og eru þær mun liprari en gömlu vélarnar. Árið 2014 mun litast af þessari nýjung, en markmið safnanna er að 80-90% notenda nýti sér sjálfsafgreiðsluvélar við inn- og útlán. Unnið verður að þessu markmiði árið 2014.

Vefsetur og nýmiðlun

Áætlað er að færa heimasíðu/vefsetur Borgarbókasafns í nýtt vefumsjónarkerfi í byrjun árs 2014. Í tengslum við þann gjörning skal heimasíðan endurskoðuð og endurhönnuð til að mæta betur þörfum notenda. Áfram verður haldið að þróa notkun safnsins á samfélagsmiðlum og að það sé kynnt sem víðast í netheiminum.

Tilraunaverkefni

Safnið mun taka þátt í þriggja ára tilraunaverkefni ásamt Norðlingaskóla um samrekstur skóla- og almenningsgókasafns þar sem safnið leggur til starfskraft og safnkost á móti skólanum. Þetta er spennandi verkefni því að Norðlingaskóli er miðstöð í hverfinu og almenningur hefur þar með aðgang að safni og skóla. Þetta er bætt þjónusta við íbúa hverfisins en bókaþillinn mun þó hætta að ganga á þeim slóðum.

Samstarf Borgarbókasafns við Menningarmiðstöðina Gerðuberg

Gerð verður úttekt á tækifærum í samruna Borgarbókasafns Reykjavíkur og Menningarmiðstöðvarinnar Gerðubergs með það í huga að styrkja framtíðarhlutverk almenningsbókasafna sem menningarmiður í hverfum borgarinnar með aukinni áherslu á fjölbreytta viðburðadagskrá árið um kring. Fagþekking viðburðastjórnenda í Gerðubergi og áherslur á barnamenningu, fjölmenningu og alþýðumenningu myndu nýtast um alla borg.

Útrás/innrás

Bryddað verður upp á nýjungum í þjónustu safnsins og skoðað hvort ekki séu tækifæri í útrás með það að augnamiði að kynna söfnin fyrir borgarbúum. Kannað verður með samvinnu við stofnanir og fyrirtæki og skilakassar settir upp í verslunarmiðstöðvum, sundlaugum, íþróttamiðstöðum eða álíka stofnunum. Einnig hvort ekki sé grundvöllur fyrir „smáútibúum“ þar sem þjónusta safnanna verður kynnt t.d. á reiðhjólum. Unnið verður áfram með hugmyndina „Hangtu á bókasafninu“



og hún færð í nýjan búning með það í huga að fá nýtt og ekki síst ungt fólk inn á söfnin.

Í september 2013 fór góður hópur starfsmanna Borgarbókasafns í fræðslu- og kynnisferð til Helsinki og árið 2014 eru áætlaðar tvær ferðir starfsmanna, en markmiðið er að meirihluti starfsmanna fari í slíka kynnisferð. Á árinu 2014 verða það Holland og Danmörk sem verða heimsótt.

Fjölmenning

Menningarmót hafa verið vinsæl hjá Borgarbókasafni. Nú hafa nokkrir skólar gert samning um að menningarmótin verði fastur liður í skólafarinu. Stefnt er að því að bjóða upp á heimanámsaðstoð fyrir framhaldsskólanema í aðalsafni.

Á vegum Söguhrings kvenna verður haldið leiklistarnámskeið, en verkefnið fékk veglegan styrk frá fyrirtækinu Kaffitár til þessa. Stefnt er að því að Söguhring-

urinn og Café Lingua sem haft hafa aðsetur sitt í aðalsafni, haldi einnig viðburði í Gerðubergi.

Kynjuð fjárhagsáætlun.

Reykjavíkurborg ákvað árið 2010 að taka upp kynjaða fjárhags- og starfsáætlun (KFS). Byrjað var með tilrauna-verkefnum en nú er verkefnið hafið fyrir alvöru. Það felst í því að gætt verði kynjasjónarmiða við fjárhags- og starfsáætlanir.

Ekki er raunhæft að leggja allt undir í einu og því hafa verið valin afmörkuð verkefni til að byrja á. Á MOF var ákveðið að byrja á starfsemi með börnum og unglingum. Gerð var verkefnalýsing og miðað við tímabilið frá 1. júní 2013 fram í maí/júní 2014. Verkefnið felst í að kortleggja þátttöku drengja og stúlkna í skipulögðum viðburðum menningarstofnana Reykjavíkurborgar og tekur Borgarbókasafn þátt í þessari vinnu.

Viðburðadagatal Borgarbókasafn 2014	
Janúar	Þetta vilja börnin sjá! í Gerðubergssafni
Febrúar	Safnanótt og Ljóðaslamm. Þetta vilja börnin sjá! í Gerðubergssafni. Heimsdagur barna í Gerðubergssafni. Alþjóðlegur móðurmálsdagur. Evrópa hlær – kvikmyndahátíð í Kamesi. Ljósmyndasýning Kristínar Hauksdóttur í Artóteki í tengslum við ljósmyndahátíð á vegum FÍSL (Félag íslenskra samtímaljósmyndara)
Mars	Starfsdagur. Myndasögusamkeppni og -sýning
Apríl	Vika bókarinnar, Sumardagurinn fyrsti. Barnamenningarhátíð
Maí	Sýning Guðrúnar Kristjánsdóttur í Artóteki.
Júní	Kvöldgöngur. Ritsmiðjur. Vikulegar bókmenntagöngur á ensku. Sumarlestur barna í öllum söfnum. Afhending Blóðdropans. Sýning Borghildar Óskarsdóttur í Artóteki.
Júlí	Kvöldgöngur. Vikulegar bókmenntagöngur á ensku. Sumarlestur barna í öllum söfnum. Sýningin: Gesture Sign Art, Deaf Culture/Hearing Culture.
Ágúst	Kvöldgöngur. Ritsmiðjur. Vikulegar bókmenntagöngur á ensku. Menningarnótt. Sumarlestur barna í öllum söfnum
September	Vika símenntunnar. Bókasafnadagurinn. Afmælisýning Íslenskrar grafíkur.
Október	Málþing. Lestrarhátíð
Nóvember	Norræna bókasafnavikan. Dagur íslenskrar tungu
Desember	Bókmenntakynningar fyrir unglunga, Tilnefning til Fjöruverðlaunanna
Fastir viðburðir yfir vetrarmánuði	Laugardagar og sunnudagar eru barnadagar. Fjölskyldumorgnar. Sögustundir. Safnkynningar. Heilahrístingur. Leshringir fyrir börn og fullorðna. Lesum blóðin saman. Café Lingua. Söguhringur kvenna. Þrjónakaffi. Menningarmót. Reykjavík Safari. Origami. Æringi sækir leikskóla- og frístundaheimili heim. Fyrir fullorðna – dagskrá tengd viðburðum í deigluinni.
Fastir viðburðir yfir sumar mánuði	Kvöldgöngur. Bókmenntagöngur á ensku. Sumarlestur. Ritsmiðjur
Árið um kring	Sýningar í Artóteki. Kvikmyndasýningar og aðrir viðburðir í Kamesi. Útstillingar á safnkosti í tengslum við ýmsa merkisdaga, hátíðir og annað. Bókmenntadagskrár. Brúðuleikhús og aðrir viðburðir fyrir börn. Heimsóknir listamanna. Þátttaka hverfissafna, bókabílsins Höfðingja og sögubílsins Æringja í hverfishátíðum. Bókmenntagöngur og göngur eftir pöntunum



Lykiltölur	Rauntölur 2011	Rauntölur 2012	Útkomuspá 2013	Markmið 2014
Gestafjöldi	656.087	636.970	630.000	630.000
Skólanemar í skipulögðum heimsóknum	10.617	12.789	11.000	11.000
Fjöldi viðburða fyrir börn og fjölskyldur	48	51	42	45
Fjöldi gesta sem heimsóttu vefi BBS (meðalt. á mán) *Talning lá niðri að hluta 2011	7.499	16.854	15.000	16.000
Fjöldi uppflættinga á vefi BBS (meðaltal á mán) ** Talning lá niðri að hluta 2011	33.752	55.605	52.000	55.000
Safnkostur	470.523	477.603	470.000	470.000
Safnkostur á íbúa	3,95	4,02	3,95	3,95
Velta safnkosts-útlán á eintak	2,35	2,06	2,06	2,06
Velta safnkosts-tónlist (eingöngu) útlán á eintak	2,64	2,04	2,04	2,04
Tölvur fyrir gesti	41	41	41	41
Afgreiðslustundir safnanna og bókabíls á viku	327	342	342	342
Afgreiðslustundir á ári	17.004	17.784	17.784	17.784
Afgreiðslust samstarfssafna í Mosfellsbæ og Seltjarnar- nesi á viku	80	80	80	80
Heildarhúsnaði í fermetrum-brúttó	6.622	6.622	6.622	6.622
Útlán	1.106.587	985.442	965.000	970.000
Útlán til skipa (fjöldi skipa)	7	6	6	6
Útlán til stofnana (fjöldi stofnana)	3	4	3	3
Bókin heim (fjöldi notenda)	75	57	70	65
Útlán á íbúa	9,3	8,3	8,2	8,2





HÖFUÐBORGARSTOFA



Hlutverk

Höfuðborgarstofa ber ábyrgð á heildarkynningu Reykjavíkur á sviði ferðamála innanlands og utan. Stofan skal vinna stöðugt og markvisst að því að skilgreina sóknarfæri og styrkleika Reykjavíkur á sviði ferðamála, m.a. með samþættingu nýsköpunar og vörubrúunar, markaðssetningar og viðburða. Höfuðborgarstofa skal reka öfluga upplýsingamiðlun fyrir ferðamenn þar sem lögð er áhersla á faglega þjónustu sem tekur til landsins alls. Höfuðborgarstofa skal sjá um framkvæmd á skilgreindum borgarhátíðum og vera skýr farvegur fyrir undirbúning, framkvæmd og kynningu á viðburðadagatali borgarinnar auk þess að sinna samráði og ráðgjöf við skipuleggjendur viðburða. Höfuðborgarstofa skal hafa frumkvæði að því að skilgreina samstarfsfleti á milli stofnana Reykjavíkurborgar og aðila í ferðaþjónustu með það að markmiði að auka samstarf, upplýsingamiðlun og nýsköpun í ferðaþjónustu.

Leiðarljós

Leiðarljós Höfuðborgarstofu er að Reykjavík eflist sem höfuðborg Íslands í alþjóðlegri samkeppni á sviði ferðamála. Sérstaða hennar sem hreinnar og nútímalegrar menningarborgar í nábýli við einstæða náttúru verði þekkt og virt. Reykjavík verði eftirsóttur áfangastaður allt árið um kring og þannig verði rennt styrkari stoðum undir fjölbreytt atvinnulíf og menningarstarf í tengslum við ferðaþjónustu á Íslandi.

Meginmarkmið

- Styrkja stöðu Reykjavíkur sem höfuðborgar Íslands í alþjóðlegri samkeppni á sviði ferðamála.
- Gera Reykjavík að eftirsóttum áfangastað fyrir ferðamenn allt árið um kring og stuðla þannig að betri afkomu atvinnulífs og menningarstarfs í tengslum við ferðaþjónustu á Íslandi.
- Vinna að því að gestir Reykjavíkur fái framúrskarandi móttökur.
- Rækta hlutverk Reykjavíkur sem höfuðborgar gagnvart landinu öllu m.a. með traustri miðlun upplýsinga um Ísland til ferðamanna.



Fjármál 2014

FRUMVARP 2014 (í þús. kr.)

Tekjur

Rekstrartekjur 55.607

Gjöld

Laun og launatengd gjöld 76.025

Innri leiga 395

Annar rekstrarkostnaður 116.438

Rekstrarniðurstaða 137.251

Starfsmannafjöldi 2014

Heildarfjöldi starfsmanna 16

Fjöldi stöðugilda 11,9

- Stuðla að aukinni fagmennsku og gæðum í upplýsingamiðlun til ferðamanna um Reykjavík og Ísland.
- Auka vægi viðburða og menningar í ferðamennsku í Reykjavík til hagsbóta fyrir íbúa, atvinnulíf og gesti höfuðborgarinnar.
- Virkja stofnanir og fyrirtæki borgarinnar til samstarfs um eflingu Reykjavíkur sem áfangastaðar.

HELSTU VERKEFNI 2014

Upplýsingamiðstöð ferðamanna - UMFR

Upplýsingamiðstöðin Aðalstræti 2 er sú stærsta sinnar tegundar á landinu og má þar finna upplýsingar um gistingu, samgöngur, afþreyingu og menningu af öllu landinu.

Aðsókn á upplýsingamiðstöðina árið 2013 jókst mjög frá fyrra ári og ekkert sem bendir til annars en að aðsókn muni halda áfram að aukast árið 2014. Meðalaukning gesta á milli ára á fyrstu 7 mánuðum ársins 2013 var 28% á mánuði og í júlí voru gestakomur í miðstöðina um það bil 2400 á dag. Veruleg aukning er einnig á milli ára í sölu varnings og þjónustu, um 55%.

Eitt af verkefnum ársins 2014 er að endurskoða merkingar og framsetningu vöru í Upplýsingamiðstöðinni í framhaldi af nýju vörumerki Ferðamannaborgarinnar Reykjavíkur en vinna við endurskoðun á þessum mikilvægu þáttum kynningarstarfsins fór fram allt árið 2013 og lágu tillögur fyrir í lok árs. Útbúin verður starfsmannahandbók fyrir nýtt starfsfólk upplýsingamiðstöðvarinnar og aukin fræðsla um það fjölbreytta frambod menningar sem ferðamenn hafa að sækja í lista- og menningarsetrum höfuðborgarinnar.

Gestakortið

Það eru mikil sóknarfæri í Gestakorti Reykjavíkur eða Reykjavík Welcome Card. Salan hefur aukist á síðasta ári og verulegt svigrúm er til enn meiri aukningar hvað varðar sölu hjá öðrum söluaðilum.

Ráðinn hefur verið sérstakur sameiginlegur verkefnisstjóri í starf á vegum Höfuðborgarstofu, Listasafns og Minjasafns Reykjavíkur en megin áhersla verkefnisins er þrjúþætt: Í fyrsta lagi að greina ný tækifæri og fara í sameiginlegar aðgerðir til að kynna betur starfsemi safnanna fyrir erlendum og innlendum gestum. Í öðru lagi að fá inn nýja aðila að Gestakortinu og fjölga söluaðilum. Síðast en ekki síst að endurskoða, í samstarfi við forstöðumenn og markaðs- og kynningarfólk MOF, hvaða tækifæri eru til markaðssetningar fyrir samstarfsaðila kortsins.

Ferða- og markaðsmál

Áherslur í ferða- og markaðsmálum 2014 taka mið af áherslum í ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar 2011 – 2020, en grunnstoðir hennar byggja á markaðssetningu borgarinnar á fjórum sviðum: Vetrar-, Menningar-, Heilsu- og Ráðstefnuborginni.

Áframhaldandi áhersla verður á samstarf í markaðssetningu borgarinnar á ýmsum sviðum og með ýmsum samstarfsaðilum s.s. Ísland allt árið, en haustið 2014 rennur sá samstarfssamningur út, Iceland Naturally á Bandaríkjamarkaði, Ísland er með'etta með innlendum markaðsstofum og að ýmsum verkefnum með

ferðaðjónustuaðilum og sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Markmið Íslands allt árið og Iceland Naturally er að fjölga gestum utan háannar og hefur Höfuðborgarstofa staðið vörð um áherslur ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar í þessu samstarfi.

Endurskoðun vörumerkis Ferðamannaborgarinnar var eitt umfangsmesta verkefni Höfuðborgarstofu á síðasta ári en það var unnið í samvinnu við ferðaðjónustuna og Samband sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Ljóst er að mikil vinna og kostnaður mun falla til á þessu ári í að miðla nýju vörumerki, uppfæra prentefni, heimasíður, samfélagsmiðla, merkingar og svo mætti áfram telja.

Einnig verður nýja efnið kynnt og sent öllum samstarfsaðilum Höfuðborgarstofu bæði innlendum og erlendum og efnið snertir alla þá sameiginlegu fleti þar sem verið er að kynna Reykjavík sem áfangastað.

Áfram verður unnið náið með Ráðstefnuborginni Reykjavík, systurskrifstofu Höfuðborgarstofu. Sameiginlegir fletir á kynningarmálum og tækifæri í kringum gestakortið fyrir ráðstefnugesti verða nýttir. Sóknarfæri í að ná stórum viðburðum verði áfram könnuð. Samráðsvettvangi sem varð til í kringum undirbúning tilboðsgagna vegna World Outgames 2016 verði haldið lifandi en hann er lykill að skjótum og nákvæmum vinnubrögðum í undirbúningi gagna fyrir hvers kyns útboð á stórviðburðum á heimsvísu.

Sem liður í aukinni dreifingu á skemmtiferðaskipafarþegum um borgina verður farið í verkefnið „Reykjavík Cruise Line“ í samvinnu við Miðborgina okkar, Skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, Umhverfis- og skipulagssvið og Faxaflóahafnir. Farið verður í verkefnið með það að leiðarljósi að efla verslun, hvetja farþega til lengri dvalar í Reykjavík og efla þannig virðisauka ferðaðjónustuaðila í borginni.

Á sama vettvangi verði kannaður grundvöllur fyrir verkefninu „Sendiherrar Reykjavíkur“ þar sem eldri borgarar með áhuga á ferðaðjónustu, menningu, listum og samskiptum taki þátt í sjálfbodaliðaverkefni í formi



lifandi vegvísa fyrir ferðamenn í borginni. Hér er um tilraunaverkefni að ræða en þetta hefur víða tekist vel sérstaklega í minni borgum Norður-Ameríku.

Minni áhersla verður lögð á sölusýningar árið 2014, en í staðinn verður aukinn kraftur settur í að sækja ráðstefnur samstarfsvettvangs á borð við European City Marketing með það að leiðarljósi að bera sig saman við og læra af því sem vel er gert í borgunum í kringum okkur.

Vetrarborgin

Áfram verða þróaðir viðburðir á aðventunni og kynning á henni sem áhugaverðum tíma fyrir ferðamenn í Reykjavík. Sem fyrr verður lögð áhersla á komu erlendra blaðamanna í borgina á aðventunni og kynna jólahæðir og undirbúning í Reykjavík.

Hátíðarmyndböndin, sem framleidd voru á síðasta ári og kynna Reykjavík sem spennandi og viðburðaríka borg, verða send í öflugra dreifingu í margs konar miðlum á vegum Höfuðborgarstofu, innlendra og erlendra samstarfsaðila. Sérstök áhersla verður lögð á dreifingu efnisins á samfélagsmiðlum. Myndböndin verða einnig meginstoðir alls kynningarefnis um Reykjavík á sýningum erlendis.

Sameiginlegir fletir verða skoðaðir varðandi Vetrarborg og Heilsuborg með áherslu á sund og sunnlaugar í samvinnu við ÍTR og aðra hagsmunaaðila.

Menningarborgin

Stærsta verkefnið árið 2014 er viðkemur Menningarborginni Reykjavík, er að leiða saman söfn, setur, stofur og aðra menningartengda starfsemi af enn meiri krafti.

Það er stefna Höfuðborgarstofu að standa að útgáfu á veglegu tímariti á ensku þar sem öllum söfnum í höfuðborginni og tengdum stofnunum verða gerð skil. Tímaritið verður ókeypis og dreift á hótél og flugvelli, veitinga- og kaffihús og umferðarmiðstöðvar á Íslandi. Markmiðið er að kynna sem best menningarmiðjuna í Reykjavík menningarviðburði og Gestakortið fyrir erlendum gestum og verður því dreift til erlendra stórkaupenda á ferðasýningum og kaupstefnum erlendis. Þá stendur til að endurútgefa Reykjavík Festival City Guide sem kom fyrst út vorið 2013.

Heilsuborgin

Ljóst er að til að ná árangri í stoðinni Heilsuborg í ferðamálastefnu borgarinnar þá verður að koma til öflugra samtarf á milli ÍTR og Höfuðborgarstofu. Í skýrslu um þróun lauganna í Reykjavík er bent á ýmis tækifæri sem nýtast ferðaþjónustu í borginni og mikilvægt er að sjá þau komast í framkvæmd s.s. að þematengja laugarnar og skoða möguleika varðandi heilsulindir. Höfuðborgarstofa leggur áherslu á að tengja laugarnar áfram við viðburði, svo sem Vetrarhátíð og Barnamenningarhátíð og að samþætta markaðssetningu Höfuðborgarstofu og ÍTR mun betur með það að markmiði að fjölga þeim erlendu gestum sem nýta sér laugarnar.

Höfuðborgarstofa mun í samvinnu við ÍTR og ÍBR efna til málþings um vannýtt tækifæri tengd uppbyggingu árlegra stórmóta í Reykjavík. Sem dæmi má nefna miðnætur íþróttamót sbr. miðnætur- golfmót, -hjólreiðar, -kajakróður og hugsanleg jaðaríþróttamót sem með litlum tilkostnaði og útsjónarsemi mætti breyta í öflugra segla.

Almannatengsl

Höfuðborgarstofa heldur áfram að hvetja til heimsóknna erlendra fjölmiðla til Reykjavíkur. Í samvinnu við Íslandsstofu, Iceland Naturally og almannatengslaráðgjafa þeirra erlendis, verður unnið að auknum gæðum í því starfi með ítarlegu mati á styrk fjölmiðla og blaðamanna áður en Höfuðborgarstofa skuldbindur sig til framlags, hvort heldur er fjárhagslegt eða vinnuframlag vegna móttöku erlends fjölmiðlafólks.

Höfuðborgarstofa heldur einnig áfram góðu samstarfi við Film in Iceland með það að leiðarljósi að leita að tækifærum tengdum kvikmyndagerð í borginni. Bæði út frá viðskipta- og kynningarsjónarmiði.

Viðburðir

Borgarhátíðir eru eitt öflugasta aðdráttarafi borgarinnar utan háannar. IcelandAirwaves, Vetrarhátíð, Food & Fun, Reykjavík Fashion Festival, HönnunarMars og úrval annarra hátíða spila stóran þátt í allri mörkun Reykjavíkur og það má sjá þetta endurspeglast í nýjum markaðsáherslum.

Viðburðadagatal Höfuðborgarstofu 2014

Febrúar	Vetrarhátíð / Safnanótt
Apríl - Maí	Barnamenningarhátíð
Ágúst	Menningarnótt.
Október	Imagine Reykjavík
Desember	Aðventuhátíð



Haustið 2013 kallaði Höfuðborgarstofa eftir nánara samstarfi við hátíðarhaldara í borginni. Var það í framhaldi af verkefnum Reykjavík Festival City þar sem stærstu hátíðunum voru gerð skil bæði í myndböndum og bæklingi. 2014 munu viðburðardeild og markaðsdeild leiða enn nánara samtal á milli Höfuðborgarstofu og hátíðarhaldara í borginni og mun Höfuðborgarstofa standa fyrir málþingum og vinnustofum þar sem markmiðið verður að auka fagmennsku og efla samstarf milli hátíða.

Stóru borgarhátíðirnar; Menningarnótt, tendrun Friðarsúlunnar, Aðventan, Vetrarhátíð og Barnamenningarhátíð eru allt mikilvægir þættir í þéttu viðburðadagatali sem nýtist ferðapjónustunni sífellt betur. Áfram verður leitað verður leiða til að auka margvíslegt samstarf hátíðanna við fyrirtækin í borginni.

Vetrarhátíð verður haldin í febrúar. Safnanótt og Heimsdagur barna verða áfram hornsteinar hátíðarinnar en auk þess verður lögð áhersla á að þróa frekar samstarf við sundlaugar og fyrirtæki borgarinnar. Sóknarfæri eru mikil í samspili myrkurs og ljóss eða jafnvel norðurljósa-tengingarinnar í alþjóðlegu samhengi. Það er markmið Höfuðborgarstofu að Vetrarhátíð verði orðin jafn þekkt stærð í hátíðardagatali borgarinnar og Menningarnótt á næstu þremur árum.

Barnamenningarhátíð er nú orðin árlegur viðburður og verður haldin dagana í kringum Sumardaginn fyrsta í samstarfi við skólasamfélagið, listamenn og lista-

stofnanir.

Tendrun Friðarsúlu Yoko Ono verður sem áður eitt af verkefnum Höfuðborgarstofu í október en Höfuðborgarstofa tekur þátt í undirbúningi og framkvæmd þeirra viðburða sem fram fara í Viðey í samstarfi við verkefnisstjóra Viðeyjar, Listasafn Reykjavíkur og skrifstofu sviðsins.

Aðventuhátíð tekur á sig nýja mynd og stendur nú yfir alla aðventuna. Hún hefst með tendrun ljósa Oslóartrésins fyrsta sunnudag í aðventu og lýkur á Þorláksmessu með tónleikum en þar á milli verður að finna fjölda smærri viðburða þar sem hugað er sérstaklega að gömlu jólonum og sagnahefðinni.

Auknir tekjumöguleikar

Höfuðborgarstofa mun leita nýrra tækifæra til tekjuöflunar á árinu en ljóst er að aukinn kostnaður við að halda úti borgarhátíðunum og rekstri Upplýsingamiðstöðvarinnar kallar á aðgerðir í þessa veru. Horft er til tekjumöguleika á uppfærðum vef Höfuðborgarstofu, www.visitreykjavik.is, s.s. með sölu auglýsinga, sérstakra kynninga og jafnvel bókunarþjónustu á vefnum. Einnig verður stefnt að auknum tekjum af nýtingu auglýsinga- og kynningar-rýmis í Upplýsingamiðstöð, af aukinni sölu Gestakorts og með aðkomu fleiri samstarfsaðila að sem flestum verkefnum Höfuðborgarstofu.

Lykiltölur	Rauntölur 2011	Rauntölur 2012	Útkomuspá 2013	Markmið 2014
Gestafjöldi á Upplýsingamiðstöð	298.534	257.025	310.000	315.000
Hlutfall ánægðra gesta Menningarnætur	68%	68%	73%	72%
Fjöldi heimsóknna á vefsvæði www.meningarnott.is	42.393	40.700	41.500	42.000
Sala á gestakorti (fjöldi korta)	8.091	6.700	6.500	7.500
Fjöldi erlendra ferðamanna á Íslandi*	565.611	672.000	780.000	840.000
Fjöldi heimsóknna á vefsvæði www.visitreykjavik.is	352.950	363.364	660.000	700.000

* Breytt talning - eingöngu teknar tölur frá Ferðamálastofu um gestakomur um Keflavíkurlflugvöll





LISTASAFN REYKJAVÍKUR



LISTASAFN REYKJAVÍKUR REYKJAVIK ART MUSEUM

Safnið hefur þrjú hús til umráða: Kjarvalsstaði frá 1973, Ásmundarsafn frá 1983 og Hafnarhúsið frá árinu 2000.

Hlutverk

Samkvæmt samþykkt fyrir Listasafn Reykjavíkur er hlutverk stofnunarinnar að:

- Safna svo fullkomnu safni íslenskrar myndlistar sem unnt er, skrá það, varðveita og sýna.
- Rannsaka og sinna fræðslu um myndlist og byggingarlist.
- Efna til kynningar á verkum og starfsemi safnsins.
- Hafa umsjón og eftirlit með myndverkum á almannaferi í eigu borgarinnar.
- Stuðla að því að borgarbúum og öðrum gestum safnsins sé gert kleift að fylgjast með því helsta sem er að gerast í myndlist.

Meginmarkmið

- Að val verka í safneign og til sýninga ráðist af listrænu gildi þeirra fyrst og fremst.
- Að sinna fræðslu, kynningu og útgáfu á þann hátt að nútímalist verði aðgengileg öllum.
- Að hlúa að rannsóknum og skráningu á listaverkum safnsins á þann hátt að safneignin geti þjónað menningarsögulegu hlutverki sínu til frambúðar.
- Að hafa gott eftirlit og umsjón með listaverkum á almannaferi í eigu borgarinnar svo þau haldi listrænu gildi sínu.
- Að sýna helstu stefnur og strauma í list samtímans og með því gera borgarbúum og öðrum gestum safnsins kleift að fylgjast með framsækinni íslenskri og alþjóðlegri myndlist.



Fjármál 2014

FRUMVARP 2014 (í þús. kr.)

Tekjur

Rekstrartekjur 75.940

Gjöld

Laun og launatengd gjöld 137.383

Innri leiga 122.394

Annar rekstrarkostnaður 147.829

Rekstrarniðurstaða 331.666

Starfsmannafjöldi 2014

Heildarfjöldi starfsmanna 36

Fjöldi stöðugilda 20,6



HELSTU VERKEFNI 2014

Sýningar og samstarf

Sýningardagskrá ársins einkennist af samvinnu við erlend söfn. Þar af eru tvö norræn samvinnuverkefni: Skiptisýningar á verkum Errós og Harro sem eru unnar með listasafninu í Turku, Finnlandi munu kynna þessa mikilsverðu pop listamenn fyrir þjóðum hvors annars. Yfirlitssýning og bók um einn athyglisverðasta samtímalistamann Svía Andreas Eriksson, sem var fulltrúi Svía á Feneyjatvíæringinum 2011, er unnin í samvinnu við Bonniers Kunsthalle í Stokkhólmi, Svíþjóð og listasafnið í Trondheim, Noregi en sýningin mun einnig fara til Sviss. Vegna framlags Listasafns Reykjavíkur verður áhersla lögð á tengsl Erikssons við Kjarval en Eriksson telur hann meðal sinna helstu áhrifavalda. Bandarísk söfn koma að tveimur sýningarverkefnum. Bók og sýning á nýstárlegum málverkum Hildar Ásgeirsdóttur Jónsson er unnin í samvinnu við Tang listasafnið í Saratoga Springs, New York og sýning á innsetningu Katrínar Sigurðardóttur fyrir Feneyjatvíæringinn 2013 er unnin í samvinnu við Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar og SculptureCenter á Long Island í New York en þangað mun sýningin fara eftir að henni lýkur í Reykjavík. Sýningin Synthesis er unnin í samvinnu við Museum für Gegenwartskunst Siegen í Þýskalandi og mun fara þangað eftir sýningarlok í Reykjavík. Og loks verður sýning sem Listasafn Reykjavíkur vann í samstarfi við þjóðarsafn Rússlands í St. Pétersborg sett upp á Kjarvalsstöðum.

Með þessum fjölbjóðlegu samvinnuverkefnum getur safnið sinnt því hlutverki sínu að kynna erlenda myndlist á Íslandi og um leið kynnt íslenska list erlendis. En stórar sýningar á íslenskrari list munu einnig setja svip sinn á dagskrá ársins. Tvær stórar sumarsýningar munu kynna sögu íslenskrar myndlistar með úrvalsverkum úr safneign Listasafns Reykjavíkur. Á Kjarvalsstöðum verður áherslan á málverk frá árunum 1900 til 2000. Sýningin byggir á rannsóknarvinnu sem unnin var í tengslum við sýninguna Flæði sem var haldin á Kjarvalsstöðum veturinn 2013. Sumarsýning Hafnarhúss tekur svo fyrir síðastliðna fjóra áratugi í íslenskrari list en safnið á vandað úrval verka frá því tímabili.

Sumarsýningar á list Kjarvals og Ásmundar Sveinssonar munu einnig samanstanda af lykilverkum úr safneigninni, en yfir vetrarmánuðina verður áhersla lögð á að draga fram nýjar hliðar á þessum gamalkunnu listamönnum með því að setja þá í tengsl við nýja straua í myndlist. Þannig er haustsýningu Andreas Eriksson á Kjarvalsstöðum ætlað að varpa nýju ljósi á list Kjarvals. Í Ásmundarsafni verða sýndir skúlptúrar samtímalistamanna sem byggja á formgerð húsa og þeir látnir kallast á við hús safnsins sjálfs sem Ásmundur hannaði og hugsaði sem einskonar höggmynd. Á annarri sýningu munu abstraktverkum ungra íslenskra listamanna verða stillt upp með abstrakt málmuskúlptúrum sem Ásmundur gerði á síðasta tímabili ferils síns. Aðrar leiðir verða farnar í Errósafni en



aðalsýning ársins mun vera samsett af nýjum verkum sem hann hefur gefið safninu af alunnri rausn sinni.

Tengsl tónlistar og myndlistar munu setja sterkan svip á vordagskrá Hafnarhúss en dagskráin mun hefjast með Myrkum músíkdögum og ljúka með Tectonics tónlistarháttíð Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Á tímabilinu munu hugmyndir um „sýnilega tónlist“ og „hljómfraði myndlistarinnar“ vera skoðuð í bæði íslensku og alþjóðlegu samhengi.

Rannsóknir

Fyrir utan þær rannsóknir sem felast í undirbúningi sýninga verður ráðist í tvö sjálfstæð fræðileg verkefni á árinu. Textaverk Kjarvals verða tekin til rannsókna en hann lét eftir sig fjölda teikninga með texta sem aldrei hefur verið gerð formleg úttekt á. Skoðað verður samspil texta og myndar og myndræn einkenni letursins. Niðurstöðurnar verða birtar í fræðilegri grein og mögulega í sýningu árið 2015. Seinna verkefnið felst í úttekt á fræðilegu efni sem ritað hefur verið um Ásmund Sveinsson með það í huga að gefa út safnrit um list hans.

Nýmiðlun, kynning og markaðsmál

Ný tækifæri í rafrænni miðlun verða áfram í forgrunni hjá safninu. Á árinu verður ráðist í áframhaldandi uppbyggingu á samfélagsmiðlum auk hönnunar nýrrar heimasíðu í tengslum við stefnumótun í kynningar- og markaðsmálum. Uppbygging og skipulag efnisinnihalds á vefsvæðinu, útlit þess og viðmót verða tekin til skoðunar. Lagt verður í alhliða greiningarvinnu á umhverfi og núverandi aðstæðum, þarfagreiningu, markhópa- og notendagreiningu og víðtæka markaðsgreiningu. Leitast verður við að skapa aðlaðandi viðmót fyrir upplýsingagjöf og markaðsaðgerðir en ekki síður fyrir listræna upplifun og fræðslu. Má í því sambandi nefna að leitað verður eftir nýsköpunarstyrk fyrir tilraunaverkefni með Listaháskóla Íslands í gerð fræðsluvarpa (educast) um íslenska myndlist.

Meðal annarra aðgerða í markaðsmálum má nefna samstarfsverkefni Menningar- og ferðamálasviðs um ráðningu starfsmanns með bakgrunn í markaðssetningu.


Sýningar Listasafns Reykjavíkur 2014	
25. janúar - 13. apríl	Katrín Sigurðardóttir – Grunnur. Innsetning Katrínar Sigurðardóttur fyrir íslenska skálann á Feneyjatvíæringinum 2013 verður sett upp í A-sal og teygir sig út í portið. Verkið samanstendur af upphækkuðu gólfi. Handgerðar flísar mynda skrautlegt mynstur í barokkstíl á yfirborði gólfsins. Áhorfendur geta stigið upp á pallinn og gengið um hann. (Sýningarstjórn: Mary Ceruti og Ilaria Bonacossa)
1. janúar - 13. apríl	Hljómfall litar og línu. Á sýningunni er saga „sjónrænnar tónlistar“ (visual music), þar sem listarmenn leita í fagurfræði tónlistar til að skapa óhlutbundna myndlist, rekin í stórum dráttum með áherslu á rafræna miðla. Söguleg tengsl tónlistar og afstrakt myndlistar hér á landi verður einnig rakin. (Sýningarstjórn: Hafþór Yngvason, Yean Fee Quay og Jón Proppé)
26. apríl - 11. maí	Útskriftarsýning Listaháskóla Íslands 2014. Útskriftarárgangur myndlistar- og hönnunardeilda Listaháskóla Íslands sýna verk sín.
24. maí - 24. ágúst	Sýning á verkum úr safneigninni síðan 1990. Í þessu óvenjulega samvinnuverkefni verður öllum boðið að taka þátt í að velja listaverka úr safneigninni með aðstoð nýja safneignavefsins. Einstaklingar munu geta sent inn óskir um verk sem þeir vilja sjá og verkin verða síðan hengd upp án hefðbundinnar þematengingar, svo lengi sem rúm leyfir. (Sýningarstjóri: allir sem vilja)
6. september - 26. október	Sirra Sigrún Sigurðardóttir. Sirra Sigrún hefur vakið athygli á síðustu misserum hér heima og erlendis fyrir verk sem byggja á tölfræði og taka efnahagsstöðuna í heiminum til skoðunar. Hún mun gera innsetningu sérstaklega fyrir A-sal í Hafnarhúsi.
6. september 2013 - 11. janúar 2014	Myndun. Á sýningunni má sjá hvernig listamenn víða að (Japan, Brasilíu, Þýskalandi, Íslandi og víðar) spila saman efni og rými og hvaða áhrif það samspil getur haft á upplifun áhorfandans á ferð hans um sýningarrýmið. (Sýningarstjóri: Ingibjörg Jónsdóttir)
6. september - 26. október	Viðbragðsveggur. Í þessu samstarfsverki listamannsins Mojoko og tölvuforritarans Shang Liang er yfir 200 myndum tengdum poppmenningu og grafískum táknum varpað á vegg í salnum. Með því að mynda hljóð í gegnum hljóðnema geta gestir myndað fleiri tákni og þakið vegginn myndum. (Sýningarstjóri: Yean Fee Quay)
Lýkur 28. september	Heimurinn í dag. Sýning á verkum sem Erró hefur unnið á síðastliðnum 12 árum og nýlega gefið safninu. Verkin sýna ný efnistöð og myndefni sem Erró hefur unnið með upp á síðkastið og bera vitna til um gleði og sköpunarkraft listamannsins á efri árum. (Sýningarstjóri: Danielle Kvaran)
11. október - september 2015	Listasaga Errós. Erró hefur haft mjög persónuleg og skapandi tengsl við listasöguna og hafa verk eftir listamenn líkt og Picasso og Leger birst aftur og aftur í verkum hans. Errósafnið á gott úrval verka til að vinna úr og sjálfur hefur Erró fundið klippimyndir að öllum listasögumálverkunum sem verða með á sýningunni. (Sýningarstjóri: Danielle Kvaran)

Sýningar Listasafns Reykjavíkur 2014, framhald

8. nóvember - 11. janúar 2015	Ásdís Sif Gunnarsdóttir: "Future Crash". Ásdís Sif gerði innsetningu fyrir sýninguna Pakkhús postulana sem var í Hafnarhúsi haustið 2006. Á meðan á sýningunni stóð gerði Ásdís Sif gjörninga sem voru teknir upp og síðan sýndir á sjónvörpum í innsetningunni. Upptökurnar verða endurnunnar fyrir Future Crash og þeim varpað á veggj salarins með 6-7 myndvörpum.
18. janúar - 27. apríl	„Ég hef aldrei séð figúratíft rafmagn“. Á sýningunni er vakin athygli á efnistöfum Ásmundar á síðari hluta ferils hans og samhljóm hans við starfandi listamenn í dag. Auk Ásmundar eiga verk á sýningunni: Áslaug Í. K. Friðjónsdóttir, Baldur Geir Bragason, Björk Viggósdóttir, Hrafnhildur Halldórsdóttir, Ingunn Fjóra Ingþórsdóttir, Ragnar Már Nikulásson, Sólveig Einarsdóttir, Þór Sigurbórsson og Þuríður Rós Sigurbórdsdóttir. (Sýningarstjórar: Klara Þórhallsdóttir og Kristín Dagmar Jóhannesdóttir)
10. maí - 24. ágúst	Ásmundur Sveinsson – lykilverk. Sumarsýning þar sem ferli Ásmundi Sveinssyni er gerð skil með lykilverkum úr safneign Listasafns Reykjavíkur. (Sýningarstjóri: Yean Fee Quay)
30. ágúst - 4. janúar	Skúlpúr sem hús. Samsýning þar sem eru dregnir saman skúlpúrar samtímalistamanna sem byggja á formgerð húsa og eru skúlpúrarinnir látnir kallast á við hús safnsins sjálfs, sem Ásmundur hannaði og hugsaði sem einskonar höggmynd. (Sýningarstjórar: Fee Quay)
1. febrúar - 2. nóvember	Árstíðirnar í verkum Kjarvals. Á sýningunni, sem er byggð á Kjarvalssýningunni í St. Pétursborg, má sjá túlkun Kjarvals á síbreytilegri ásýnd landsins og hvernig hver árstíð glæðir náttúruna nýju lífi. Myndirnar bera með sér áhrif veðurs og birtu á náttúruna og afstæði forma hennar gagnvart ljósi og lit. (Sýningarstjóri: Kristín Guðnadóttir)
8. febrúar - 18. maí	Hildur Ásgeirsdóttir Jónsson: Úr iðrum jarðar. Hildur hefur í rúm 15 ár sameinað málalag og vefnað með málverkum ofnum úr handlituðum silkiþráðum. Á sýningunni má sjá úrval af málverkum sem ofin eru í þriggja metra breiðum vefstól. Sýningin er unnin í samvinnu við Tangsafnið í New York (Sýningarstjórar: Hafþór Yngvason og Ian Barry)
8. febrúar - 18. maí	Harró. Markmið sýningarinnar er að kynna finnska listamanninn Harro hér á landi og að vekja umræður um gagnrýnið inntak verka hans. Áhersla er á popplista verk Harros frá 1968 til 1972 en þau öllu uppnámi þegar þau voru fyrst sýnd í Finnlandi. Meðal verka er Svína-messías sem Harro var fangelsaður fyrir vegna guðlasts árið 1969. Jafnframt verða á sýningunni verk byggð á finnska fánanum og á vörumerkjum alþjóðlegra fyrirtækja. (Sýningarstjóri: Hafþór Yngvason)
24. maí - 21. september	Kjarval lykilverk. Sumarsýning þar sem ferli Jóhannesar S. Kjarval er gerð skil með lykilverkum úr safneign Listasafns Reykjavíkur.
31. maí - 31. ágúst	Íslensk málverk í hundrað ár: 1900–2000. Sumarsýning úr safneign Listasafns Reykjavíkur þar sem úrvalsverkum frá ýmsum tímabilum íslenskrar listasögu er spilað saman. (Sýningarstjóri: Hafþór Yngvason)
13. september – 2. nóvember	Einar Hákonarson. Á sýningunni gefst fyrsta tækifæri til að sjá langan feril Einars og átta sig á þeim breytingum sem listsköpun hans hefur tekið í tímana rás. List Einars hefur gengið í gegnum aðgreinanleg tímabil en hann hefur ávallt verið sjálfum sér trúur og iðulega farið ótroðnar slóðir. Auk málverka hans verður leitast við að gera framlagi Einars til grafíklistar gerð skil. (Sýningarstjóri: Hafþór Yngvason)
15. nóvember - 25. janúar 2014	Andreas Eriksson og Kjarval. Eriksson er einn af virtustu myndlistarmönnum sinnar kynslóðar í Svíþjóð og var fulltrúi Svía á Feneyjatvíæringnum 2011. Hann er mikill aðdáandi Kjarvals og telur hann einn sinn helsta áhrifavald. Yfirlitssýning á verkum Eriksson verður í vestursal Kjarvalsstaða en á sama tíma verður í Kjarvalsal sýning á verkum Kjarvals sem Eriksson velur.

Lykiltölur	Rauntölur 2011	Rauntölur 2012	Útkomuspá 2013	Markmið 2014
Gestafjöldi	193.865	171.138	207.000	210.000
Skólanemar í skipulögðum heimsóknnum	12.682	12.399	12.000	12.000
Fjöldi viðburða	103	106	105	105
Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna	6	8	5	6
Útlán listaverka	594	622	590	600
Fjöldi útgáfuverka	16	12	14	14
Fjöldi skráðra listaverka í eigu safnsins	16.349	16.483	16.756	16.770
Fjöldi útilistaverka í umsjón safnsins	138	138	177	180





LJÓSMYNDASAFN
REYKJAVÍKUR



Hlutverk

Ljósmyndasafn Reykjavíkur skal varðveita ljósmyndir, glerplötur, filmur og skyggnur með þeim hætti að borgarbúar og gestir þeirra hafi sem bestan aðgang að ljósmyndum í eigu safnsins. Safninu er jafnframt ætlað að byggja upp og varðveita safn íslenskra ljósmynda sem varpa ljósi á sögu greinarinnar, skrá það, varðveita og sýna. Leitast skal við að afla myndasafna sem endurspeгла sem best íslenskan ljósmyndaarf, sem og myndefnis sem tengist Reykjavík.

Leiðarljós

Ljósmyndasafn Reykjavíkur eflist sem ljósmyndasafn í alþjóðlegu samhengi og veki áhuga sem flestra á menningarlegu hlutverki ljósmyndarinnar.

Meginmarkmið

- Ljósmyndasafn Reykjavíkur sé öllum aðgengilegt
- Safnið gegni hlutverki sínu á framúrskarandi hátt
- Skipulag og stjórnun starfseminnar séu skýr
- Starfsemin einkennist af þrótti og metnaði
- Ljósmyndir séu snar þáttur í uppeldi og kennslu barna
- Að tryggja örugga varðveislu safnkosts

Fjármál 2014

FRUMVARP 2014 (í þús. kr.)

Tekjur

Rekstrartekjur 13.660

Gjöld

Laun og launatengd gjöld 32.569

Innri leiga 10.252

Annar rekstrarkostnaður 14.507

Rekstrarniðurstaða

43.668

Starfsmannafjöldi 2014

Heildarfjöldi starfsmanna 5

Fjöldi stöðugilda 5,0



Sýningar

Í ársbyrjun opnar yfirlitssýning með íslenskum kvenljósmyndurum, 1870-2012, í samstarfi við Ljósmyndasafn Íslands í Þjóðminjasafni. Þetta er í fyrsta sinn sem ljósmyndum íslenskra kvenna eru gerð skil og verður sýningin sett upp samtímis í báðum söfnunum og myndar á þann hátt eina heild.

Um sumarið verður yfirlitssýning á myndum Ragnars Axelssonar (Rax). Rax er einn þekktasti íslenski ljósmyndari okkar tíma og hefur hlotið fjölda erlendra verðlauna fyrir myndir sínar. Einnig hafa verið útgefnar fjölmargar ljósmyndabækur með myndum hans.

Um haustið verður sýning sem ber heitið Girl Culture eftir bandaríska ljósmyndarann Lauren Greenfield. Sýningin hefur vakið athygli víða erlendis þar sem ljósmyndarinn beinir m.a. linsu sinni að hvernig kvikmyndir (einkum Hollywood-myndir) brengla sýn okkar á konur; og að staðalmyndum kvenna og áhrifum þeirra á sjálfsmynd ungra stúlkna. Jafnframt verða sýndar tvær heimildarmyndir eftir Lauren Greenfield, Kids + Money og Queen of Versailles. Sýningin verður styrkt af Bandaríska sendiráðinu.

Í Skotinu verða um sjö sýningar, þemað að þessu sinni er: Ummerki.

Kubburinn er nýtt sýningarými sem er staðsett í enda aðal sýningasalar safnsins. Tilgangurinn er að auka sýningarrýmið í safninu og gefa fleiri ljósmyndurum og listamönnum sem vinna með ljósmyndamiðilinn kost á að koma verkum sínum á framfæri.

Samtal og samfélagsábyrgð

Samstarfsverkefni Ljósmyndasafns og Nýherja – að veita almenningi leiðbeiningar um varanlega vistun stafrænna mynda – heldur áfram. Markmiðið með þessu verkefni er að safnið eigi í samtali við almenning, þannig að sérþekking safnsins nýtist sem best í þágu alls samfélagsins.

Ljósmyndahátíð og Minningarsjóður

Magnúsar Ólafssonar

Í samstarfi við Félag íslenskra samtímaljósmyndara verða Ljósmyndadagar/Ljósmyndahátíð haldin í annað sinn hér á landi. Framlag Ljósmyndasafnsins til hátíðarinnar er ljósmyndarýni (Portfolio Rewiev) en þá eru virtir erlendir rýnendur fengnir til landsins til að veita íslenskum ljósmyndurum umsögn um verk þeirra, m.a. í því skyni að koma íslenskum samtímaljósmyndum betur á framfæri erlendis.

Í tengslum við ljósmyndarýnina í febrúarbyrjun er ætlunin að úthluta í annað sinn úr minningarsjóði Magnúsar Ólafssonar (1962-1937), en sjóðurinn er

eini sinnar tegundar hér á landi einungis ætlaður þeim sem vinna að ljósmyndun á Íslandi.

Myndavefur

Af því tilefni að 10 ár eru liðin frá því að Ljósmyndasafn Reykjavíkur opnaði myndavef á heimasíðu safnsins verður opnað fyrir sölukerfi á myndavefnum.

Tilgangurinn með vefnum var og er að veita almenningi rafrænan aðgang að safneigninni, og opna þar með safnið út á við. Núna er markmiðið að bæta um betur og láta hanna sölukerfi þannig að fólk geti keypt myndir beint af myndavefnum og fengið þær samtímis sendar til sín í gegnum tölvupóst. Mjög mikilvægt er að safnið fylgi nýjustu tækni og aðlagi safnkostinn að nútímatækni til að koma á mótis við ólíka markhópa.

Rannsóknir

Unnið er að rannsókn með það að leiðarljósi að vinna sértæka skrá með upplýsingum um öll ljósmyndasöfn blaða og tímarita sem varðveitt eru í Ljósmyndasafni Reykjavíkur. Skráin er ætluð til birtingar á heimasíðu safnsins. Verkefnið er hluti af stærra verkefni sem miðar að því að gefa almenningi skýrar og aðgengilegar upplýsingar um safnkost safnsins.

Fræðsla og námskeið

Að heimsækja Ljósmyndasafnið til að fræðast um starfsemina er löngu orðinn fastur liður í kennslu framhaldsskólana á höfuðborgarsvæðinu, s.s. í ljósmynda-, myndlistar-, hönnunar- og margmiðlunar-kennslu. Námskeið fyrir börn hefur fest sig í sessi í sumarstarfsemi safnsins, en tilgangur þeirra er að kenna börnum fallett handverk, gamlar og sígildar aðferðir við gerð ljósmynda. Börnin læra að gera bláþrykks ljósmyndir (cyano-type). Einnig læra þau að búa til pinhole myndavél úr litlum kassa og camera obscura kíki.

Erlend samskipti og sýningar

Í samstarfi við utanríkisráðuneytið og íslenska sendiráðið í Berlín er stefnt að samtímaljósmyndasýningu í nóvember sem verður á dagskrá evrópsku ljósmyndahátíðarinnar The European Month of Photography í Berlín. Í janúarlok opnar norræn ljósmyndasýning í Scandinavia House í New York, styrkt af Norræna menningarsjóðnum (Nordisk Kulturfond). Verkefnið er samstarfsverkefni Ljósmyndasafns Reykjavíkur, Museet for Fotokunst í Óðinsvéum, Finnish Museum of Photography í Helsinki, Moderna Museet í Stokkhólmi og Preus Fotomuseum í Horten í Noregi.


Eins og undanfarin ár mun safnið tilnefna íslenska ljósmyndara til ýmissa alþjóðlegra ljósmyndaverðlauna. Þau eru meðal annars hin virtu Hasselblad verðlaun í Gautaborg og Deutsche Börse Photography Prize í The Photographers' Gallery í London.

Viðburðadagatal Ljósmyndasafns Reykjavíkur 2014

Sýningarsalur 26.1.-5.5.	Íslenskir kvenljósmyndarar 1870-2013
10.5.-14.9.	Ragnar Axelsson, Yfirlitssýning
20.9.-11.1. '15	Girl Culture, Lauren Greenfield
Skotið 02.01-04.03.	Elo Vasquez
06.03– 29.04.	Íris Dögg Einarsdóttir
01.05 – 24.06.	Henning Kreitel
26.06– 19.08.	Gunnar Marel Hinriksson
21.08.-14.10.	Mark Chester
16.10-09.12. 11.12.15.1. '15	Óðinn Þór Kjartansson Beth Yarnelle Edwards
Kubburinn 9.1. - 7.5. 9.5. - 9.9. 9.9. – 9.1. '15	Vincent Malassis Þórdís Erla Ágústsdóttir Í vinnslu

Allt árið: Leiðsagnir, fyrirlestraröð, Safnanótt, ljósmyndarýni, ljósmyndaraspjall, göngur í hverfum, sígildar ljósmyndunaraðferðir, námskeið fyrir börn og unglinga, myndataka á Menningarnótt, Nikon ljósmyndaskólinn.

Lykiltölur	Rauntölur 2011	Rauntölur 2012	Útkomuspá 2013	Markmið 2014
Gestafjöldi	31.967	29.592	32.000	33.000
Skólanemendur í skipulögðum heimsóknum	576	701	800	2.000
Fjöldi viðburða	23	21	22	22
Fjöldi afgreiddra mynda	3.090	2.774	3.000	3.000
Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna	14	10	15	12
Fjöldi innlita á heimasíðu	19.069	18.827	33.000	33.000





Menningarkort Reykjavíkur



Listilega einfalt

Árskort á:

Listasafn Reykjavíkur

Hafnarhús
Kjarvalsstaðir
Ásmundarsafn

Borgarbókasafn Reykjavíkur

Aðalsafn
Ársafn
Foldasafn
Gerðubergssafn
Kringlusafn
Sólheimasafn

Minjasafn Reykjavíkur

Árbæjarsafn
Landnámssýning

menningarkort.is





MENNINGARMÍÐSTÖÐIN
GERÐUBERG

Hlutverk

Menningarmiðstöðin Gerðuberg er alhliða menningarmiðstöð sem leggur áherslu á gott aðgengi borgarbúa á öllum aldri að viðburðum og fræðslu á sviði menningar og lista.



Leiðarljós

Gerðuberg eflist sem alhliða menningarmiðstöð með fjölbreyttri og metnaðarfullri menningarstarfsemi og sé griðastaður góðra hugmynda og frjórrar nálgunar.

Meginmarkmið

- Að starfsemin einkennist af fagmennsku og metnaði.
- Að sinna frjóu samstarfi við einstaklinga, listamenn, félög og samtök, innlendir og erlendir mennta- og menningarstofnanir.
- Að mæta þörfum ólíkra hópa þjóðfélagsins óháð aldri og uppruna.
- Að leggja rækt við listrænt og skapandi starf fyrir, um og með börnum.
- Að sinna samstarfsverkefnum á sviði fjölmenningar sem auka víðsýni og skilning í litríku menningarsamfélagi borgarinnar.
- Að hlúa að og miðla alþýðumenningu með sýningarhaldi og viðburðum í samstarfi við einstaklinga og félög.
- Að leggja áherslu á fræðslu og leiðsögn í tengslum við viðburði og sýningar.
- Að standa að útgáfu á hljóðrituðum þingum rithöfunda og listamanna sem komið hafa fram á Rit- og Sjónþingum í Gerðubergi.

Gildi

Fagmennska - Víðsýni - Sköpunarkraftur - Virðing

Fjármál 2014

FRUMVARP 2014 (í þús. kr.)

Tekjur

Rekstrartekjur 5.820

Gjöld

Laun og launatengd gjöld 49.126

Innri leiga 24.577

Annar rekstrarkostnaður 16.442

Rekstrarniðurstaða

84.325

Starfsmannafjöldi 2014

Heildarfjöldi starfsmanna 11

Fjöldi stöðugilda 7,9



HELSTU VERKEFNI 2014

Viðburðadagskrá

Sýningin sívinsæla Þetta vilja börnin sjá! er skemmtileg veröld sem börnum er boðið að ganga inn í til að kynnast sögupersónum í nýjstu barnabókunum. Á sama tíma fá börnin tækifæri til kynnast mögnuðum söguheimi fantasíu og dulúðar sem birtist í listaverkum Bjarna Ólafs Magnússonar á sýningunni Óradrög. Skólabörnum er boðið upp á lifandi leiðsögn og dagskrá í samvinnu við Gerðubergssafn. Sýningin Þetta vilja börnin sjá! fer síðan á flakk um landið.

Á miðvikudagskvöldum fer fram dagskrá undir mismunandi yfirskriftum. Þessi kvöld er ýmislegt til umfjöllunar og má þar nefna bókmenntir af ýmsu tagi, handverkshefðir, heimspeki og spilamennsku.

Heimsdagur barna verður að venju á Vetrarhátíð í febrúar í samstarfi við frístundamiðstöðina Miðberg og Gerðubergssafn. Þar verður boðið upp á skemmtilegar listsmiðjur af ýmsu tagi þar sem börn og fjölskyldur þeirra fá m.a. að spreyta sig á því að búa til fljúgandi ljóssker, ljósálfabúninga og skínandi öskupoka.

Á vormánuðum verður sett upp sýning um frímerkjahönnun Þrastar Magnússonar, en eftir hann liggja mörg falleg verk. Á sýningunni má sjá hvernig hugmyndir hans kviknuðu að nýjum verkum, skissur, teikningar og lokaafurðir í formi frímerkja. Í sérstöku fræðsluhorni verður að finna skemmtilega fróðleiksmola fyrir unga sem aldna um íslensk frímerki og frímerkjasöfnun fyrr og nú.

Dagskrá á haustmánuðum er ekki komin í fastar skorður þar sem ráðist verður í framkvæmdir á árinu vegna breytinga á veitingaaðstöðu og opnun inn í bókasafn og sýningarrými. Sýningarhald markast því að einhverju leyti af því hvernig framkvæmdunum vindur fram en aðrir dagskrárlíðir verða á sínum stað s.s. hið árlega ritþing, Klassík í hádeginu og dagskráin á miðvikudagskvöldum.

Arkirnar eru hópur íslenskra myndlistarkvenna sem vinna að gerð bókverka. Á sýningunni getur að líta verk sem unnin eru upp úr gömlum bókum sem búið er að lesa spjaldanna á milli. Bækurnar öðlast nýtt líf þar sem formið og ásýndin vegur þyngra en boðskapur textans. Klassík í hádeginu verður á sínum stað undir stjórn Nínu Margrétar Grímsdóttur sem mun færa okkur ljúfa tóna í amstri hversdagsins í samvinnu við tónlistarfólk úr ýmsum áttum.

Hið árlega ritþing verður haldið í október en þar mun þekktur íslenskur rithöfundur sitja fyrir svörum um líf sitt og listferil.

Hverfistengd verkefni

Haldið verður áfram að vinna að sameiginlegum verkefnum sem tengjast Breiðholtinu. Lögð verður áhersla á

samstarf við aðrar borgarstofnanir í Breiðholti og þátttöku í sameiginlegum viðburðum og verkefnum, s.s. Breiðholtsdögum og fjölmeningartengdum verkefnum. Einnig verður lögð áhersla á áframhaldandi þróun samstarfs við Íbúa Fagrabergs, Þjónustuíbúða sem byggðar hafa verið við hlið Gerðubergs.

Innra starf

Haldið verður áfram að vinna að ýmsum sérverkefnum eftir því sem fjármagn leyfir og ber þar hæst úttekt á þeim tækifærum sem kunna að felast í samstarfi og jafnvel samrekstri Borgarbókasafns Reykjavíkur og Menningarmiðstöðvarinnar Gerðubergs. Markmiðið er að styrkja framtíð bókasafnanna sem menningarmiðu í hverfum borgarinnar og auka vægi viðburðadagskrár árið um kring.

Haldið verður áfram að vinna að bættri ásýnd og upplýsingamiðlun á veraldarvefnum í gegnum heimasíðu og samfélagsmiðla. Skjalamálin verða einnig áfram í brennidepli og unnið verður að því að festa í sessi verklag og vinnureglur um vistun og varðveislu skjala.

Gerðuberg tekur þátt í vinnu um kynjaða fjárhagsáætlun þar sem sjónum verðum einkum beint að þátttöku stúlkna og drengja í viðburðum á vegum menningarstofnana Reykjavíkurborgar.

Unnið verður áfram að viðgerðum og framkvæmdum á ytra byrði hússins og breytingum á ásýnd og aðstöðu á efri hæð Gerðubergs sem einkum er ætlað að auka flæði á milli starfseininga hússins og bæta þar með alla aðstöðu og þjónustu við gesti. Þar gegnir kaffihúsið mikilvægu hlutverki en haldið verður áfram að þróa reksturinn í takt við þarfir gesta og viðskiptavina hússins.

Kraftmikið og skapandi starf Gerðubergs er afrakstur mikillar vinnu og eljusemi starfsfólksins sem leggur allan sinn metnað í störf sín. Að hlúa að starfsfólki og stuðla að góðri líðan og betra umhverfi er því alltaf í forgangi. Starfsmenn eru hvattir til sækja þá fræðslu sem í boði er hverju sinni og skapa sér tækifæri til að sækja innblástur og hugmyndir að viðburðum og verkefnum næstu ára með því heimsækja söfn og menningarmiðstöðvar hér heima og erlendis ef styrkir fást til slíkra ferða.



Viðburðadagatal Gerðubergs 2014

Viðburðaraðir	<p>Fjölbreytt dagskrá á miðvikudagskvöldum. Handverkskaffi, Spilakaffi, Heimspækikaffi og Bókakaffi. Menningarmiðstöðin mun taka þátt í skipulagningu á viðburðaröðum Borgarbókasafnsins; Laugardagar eru barnadagar, Café Lingua og mun jafnframt hýsa leiklistarnámskeið Söguhrings kvenna. Kvæðamannafélagið lðunn heldur æfingar og félagsfundi í fyrstu viku hvers mánaðar í janúar til maí og frá október til desember.</p>
Helstu sýningar og viðburðir í janúar - júní	<p>Kraftur – Helga Jónasdóttir sýnir olíumálverk í Boganum. Vestur – Jóhannes Frank Jóhannesson sýnir svart hvítar ljósmyndir í kaffihúsinu. Óröð – Bjarni Ólafur Magnússon sýnir teikningar unnar með viðarkolum og litkrít. Verkin sýna draumkenndar verur úr ósögðu ævintýri og persónur tengdar æskuminningum listamannsins. Þetta vilja börnin sjá! – Farandsýning á myndskreytingum úr íslenskum barnabókum. Dimmalimm – Íslensku myndskreytiverðlaunin afhent fyrir bestu myndskreyttu barnabókina 2013. Heimsdagur barna á Vetrarhátíð – Í samstarfi við frístundamiðstöðina Miðberg og Gerðubergssafn. Öskudagsskemmtun og Öskudagssmiðja í gerð bolluvanda og öskupoka – Í samstarfi við frístundamiðstöðina Miðberg og Gerðubergssafn. Af hjartans list – Listamenn frá Sólheimum í Grímsnesi sýna fjölbreytt listaverk úr rólíkum efniviði. Klassík í hádeginu – Nína Margrét Grímsdóttir píanóleikari kemur fram ásamt Guðnýju Guðmundsdóttur fiðluleikara, Þóru Einarsdóttur sópran. Kveikjum eld – Árleg barna- og unglíngabókaráðstefna í samstarfi við Borgarbókasafn Reykjavíkur og fleiri aðila. Anna í Grænuhlíð – Rómantik og raunveruleiki. Bókmenntanámskeið í umsjón Ástu Gísladóttur og Auður Aðalsteinsdóttur. Frímerkjasýning – Merkileg merki – Sýning á verkum Þrastar Magnússonar frímerkjahönnuðar. Fróðleikur um íslensk frímerki og frímerkjasöfnun fyrr og nú í fræðsluhorni. Merkilega merkið mitt – Í tilefni af frímerkjasýningunni er börnum boðið að koma og kynna leyndardómum frímerkja. Á dagskrá Barnamenningarhátíðar í Reykjavík.</p>
Dagskrá frá ágúst til desember	<p>Dagskrá á haustmánuðum er ekki komin í fastar skorður þar sem ráðist verður í framkvæmdir í Gerðubergi á árinu vegna breytinga á veitingaaðstöðu og opnun inn í bókasafn og sýningarrými. Sýningarhald markast því að einhverju leyti af því hvernig framkvæmdunum vindur fram en aðrir dagskrárliðir verða á sínum stað s.s. viðburðaröðin á miðvikudagskvöldum, hið árlega ritþing og Klassík í hádeginu.</p>

Lykiltölur	Rauntölur 2011	Rauntölur 2012	Útkomuspá 2013	Markmið 2014
Gestafjöldi	124.013	108.514	120.000	120.000
Skólanemar í skipulögðum heimsóknum	5.922	4.394	4.000	6.000
Fjöldi viðburða	84	82	68	70
Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna	2	1	1	1
Samstarfsaðilar	42	39	33	31



**REYKJAVÍK
BÓKMENNTABORG
UNESCO**



bokmenntaborgin.is

Reykjavík er Bókmenntaborg UNESCO síðan 2011. Við eigum auðugt bókmenntalíf og langa sögu.

Njóttu þess með okkur á bokmenntaborgin.is. Þar getur þú skoðað bókmenntagöngur, viðburðadagatal og fleira um bókmenntalífið í borginni.

ordid er frjálst



**Reykjavík
Bókmenntaborg
UNESCO**





MINJASAFN REYKJAVÍKUR



Minjasafn Reykjavíkur

Hlutverk

Að stuðla að varðveislu menningarminja í Reykjavík með þeim hætti að borgarbúar og gestir þeirra hafi sem bestan aðgang að menningararfi borgarinnar. Sýningar safnsins eru í Árbæjarsafni og Landnámssýningunni Reykjavík 871±2.

Leiðarljós

Minjasafn Reykjavíkur safnar, varðveitir og rannsakar menningarminjar í Reykjavík og miðlar þekkingu um sögu borgarinnar og lífskjör íbúa frá upphafi byggðar til líðandi stundar.

Meginmarkmið

- Að rannsaka sögu og þróun Reykjavíkur út frá minjum; fornleifum, byggingum og lausum gripum.
- Að miðla þekkingu um sögu borgarinnar með sýningum, fræðslustarfi og útgáfu.
- Að standa vörð um menningarminjar í Reykjavík, halda skrá yfir þær; munaskrá, fornleifaskrá og húsaskrá.
- Að standa að samtímasöfnun sem varpar ljósi á daglegt líf í borginni á tuttugustu öld.
- Að efla miðlun sem byggir á rannsóknum og aukinni notkun nýmiðla.



Fjármál 2014

FRUMVARP 2014 (í þús. kr.)

Tekjur

Rekstrartekjur 54.980

Gjöld

Laun og launatengd gjöld 122.778

Innri leiga 70.679

Annar rekstrarkostnaður 90.331

Rekstrarniðurstaða

228.808

Starfsmannafjöldi 2014

Heildarfjöldi starfsmanna 38

Fjöldi stöðugilda 18,8



HELSTU VERKEFNI 2014

Minjasafn Reykjavíkur sinnir rannsóknum á menningar-sögulegum minjum í borginni og miðlun þekkingar um þær. Megináhersla í starfi safnsins verður sem fyrr á varðveislu, skráningu, rannsóknir og miðlun. Á árinu veða liðin 60 ár frá stofnun safnsins, en þann 7. október 1954 samþykkti bæjarstjórn Reykjavíkur að stofna Skjala- og minjasafn Reykjavíkur. Unnið er að sameiningu Minjasafns, Ljósmyndasafns, Sjóminjasafns og Viðeyjar og mun nýtt sameinað safn taka til starfa um mitt ár.

Safnastarfið verður sem fyrr og verður haldið í þá fjölbreyttu dagskrá fyrir börn og fjölskyldur sem verið hefur í boði í Árbæjarsafni og Landnámssýningunni.

Árbæjarsafn

Áfram verður unnið að endursmíði Ívarssels og lokið við húsið að utan og endurgerð innanhúss hafin.

Hafinn verður undirbúningur um flutningi á íbúðarbragga sem safnið þáði að gjöf fyrir allmörgum árum og sótt verður um breytingu á deiliskipulagi Árbæjarsafns þar sem byggingarreitur verður afmarkaður nyrst á safnsvæðinu.

Ný grunnsýning í Lækjargötu 4 verður helsta verkefni ársins og verður hún opnuð í byrjun júní. Viðfangsefni sýningarinnar er 20. öldin í sögu Reykjavíkur með áherslu á þróun byggðar, breytingar á lífnaðarháttum og tæknilegum nýjungum. Í tengslum við sýninguna verður efnt til viðburða og boðið upp á fræðslu fyrir skólahópa á öllum skólastigum.

Þann 1. júní verður opnuð sýningin Suðurgata 7 – safnhús/gallerí, sem er í samstarfsverkefni Minjasafns, Nýlistasafns og Listahátíðar í Reykjavík, og verður hluti af dagskrá hátíðarinnar.

Miðlun

Viðburðir á sunnudögum verða sem fyrr hluti af sumardagskrá í Árbæjarsafni. Minjasafnið mun taka þátt í gönguferðum um Kvosina, og vera með viðburði á Safnanótt, Barnamenningarhátíð og Menningarnótt, eins og undanfarin ár. Boðið verður upp á leiðsagnir fyrir ferðamenn í Árbæjarsafni allt árið og dagskrár jafnt sumar sem vetur fyrir börn og fjölskyldur.

Áfram verður unnið að gerð nýrrar leiðsögubókar um Árbæjarsafn og vefútgáfu hennar. Samhliða því verður unnið að gerð hljóðleiðsagna um safnið. Þá verður einnig unnið leiðsögukort um Árbæjarsafn með Íslendingum af erlendum uppruna. Markmiðið er að koma rödd innflytjenda á framfæri innan safnsins og stuðla að samræðum milli Íslendinga af ólíkum uppruna.

Landnámssýningin verður endurbætt og gripum ásamt nýju margmiðlunarefni, sem byggir á niðurstöðum forleifa rannsóknar á Alþingisreit verður bætt við sýninguna. Verkefnið er unnið í samstarfi við Alþingi og með styrk frá því.

Varðveisla

Sarpur – menningarsögulegt gagnasafn hefur nú verið opnað almenningi á netinu með vefnum sarpur.is. Þar með hefur almenningur fengið aðgang að safnkosti



Minjasafnsins ásamt skráum yfir menningarminjar í Reykjavík. Haldið verður áfram að færa eldri skrár yfir í Sarp. Átak í skráningu gripa hefur staðið yfir undanfarin ár og hafa starfsmenn í atvinnuátaki unnið ötullega að því að flytja gögn úr eldri safnskrám í Sarp. Safnið hefur hlotið styrki úr Safnasjóði til að ráða háskólanema í skráningu og ljósmyndun safngripa og verður þeirri vinnu haldið áfram eftir því sem fjárveitingar leyfa en aðeins um 30% safnkostsins hefur verið ljósmyndaður. Skjalavistunarátaki verður haldið áfram, eldri skjöl flokkuð og gengið frá til varðveislu á Borgarskjalasafni. Hafin verður bygging nýs varðveisluhúss í Árbæjarsafni sem verður fullbúið og tekið í notkun á fyrri hluta árs 2015.

Minjavarsla

Unnið verður að varðveislu menningarminja í borgarlandinu með skráningu, rannsóknnum og miðlun með það að markmiði að auka aðgengi að upplýsingum um menningarminjar. Samstarf við LUKR, landupplýsingakerfi borgarinnar, bætir aðgang almennings að þekkingu um sögu borgarinnar og leiðir jafnframt til

vandaðri stjórnslu. Skrár yfir menningarminjar; fornleifar, hús og mannvirki verða gerðar aðgengilegar á vefnum sarpur.is.

Unnið verður áfram að byggða- og húsakönnunum fyrir hverfisskipulag og í tengslum við endurskoðun deiliskipulags. Húsaskrá verður færð í Sarp og þar með verður vefaðgangur að upplýsingum um byggingar í Reykjavík.

Unnið verður að rannsóknaráætlun um fornleifarannsóknir í Kvosinni í samstarfi við Alþingi og ríkisstofnanir og ráðuneyti.

Húsverndarstofa í Kjöthúsi í Árbæjarsafni verður starfrækt sem fyrr í samstarfi við Minjastofnun og Iðuna – fræðslusetur, en þar er í boði ráðgjöf um viðgerðir og viðhald eldri húsa.

Unnið verður úr rannsóknnum um fornleifarannsókn í Viðey ef til þess fást styrkir sem sótt hefur verið um í Fornminjasjóð og Safnasjóð. Undirbúningur hefst að gerð gagnvirkra sögukorta eins konar „Borgarkróniku“ yfir hverfi Reykjavíkur, sem birt verður á vef safnsins.

Viðburðadagatal Minjasafns Reykjavíkur 2014

Jan - maí	Dagskrá á Safnanótt Fjölskyldudagskrá á Landnámssýningu og á Árbæjarsafni Porrinn í sveitinni – leiðsagnir fyrir skólahópa
Júní-ágúst	Viðburðir á Barnamenningarhátíð (Landnámssýning og Árbæjarsafn) Sumardagskrá Árbæjarsafns Sunnudagsviðburðir Suðurgata 7—gallerí/safnhús. Sýning um sögu húss og samnefnds gallerís opnuð á Listahátíð. Reykjavík á 20. öld. Ný grunnsýning í Lækjargötu 4 opnuð Jónsmessugleði Félags eldri borgara og Árbæjarsafns Jónsmessunæturanga Árbæjarsafns Sýning nemenda HÍ í Árbæjarsafni opnuð Afmælishátíð – Minjasafn Reykjavíkur 60 ára Sumardagskrá júní, júlí ágúst: Kvosargöngur Leikrænar leiðsagnir á Árbæjarsafni Örnámskeið Sérsýningar í Listmunahorni Dagskrá á Menningarnótt Sérsýningar í Lækjargötu
Sept-des	Jól í heiðnum sið - Landnámssýningin Jóladagskrá Árbæjarsafns fyrir skóla Bráðum koma blessuð jólin, jólasýning Árbæjarsafns á aðventu

Allt árið:

Móttaka hópa og leiðsagnir alla daga í Árbæjarsafni og Landnámssýningu.

Húsverndarstofa – ráðgjöf um endurbætur á eldri húsum.

Lykiltölur	Rauntölur 2011	Rauntölur 2012	Útkomuspá 2013	Markmið 2014
Gestafjöldi	64.514	66.650	69.000	75.000
Skólanemar í skipulögðum heimsóknum	11.141	13.098	12.000	13.000
Fjöldi viðburða	46	46	50	50
Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna	2	0	1	0
Fjöldi bygginga í umsjón/rekstri safnsins	43	43	43	44
Fjöldi útgáfuverka	5	1	9	5
Fjöldi skráðra fornleifa í Reykjavík	2.350	2.476	2.600	2.700
Fjöldi skráðra safngripa í Sarp	11.975	19.198	25.000	28.000







VÍÐEY

Viðey

Meginmarkmið

- Að Viðey eflist sem ákjósanlegur áfangastaður fjölskyldna og ferðamanna, innlendra og erlendra.
- Að saga Viðeyjar og menningarverðmæti verði aðgengileg gestum á skemmtilegan hátt.
- Metnaðarfull og fræðandi dagskrá prýdd nýjungum sé í boði fyrir gesti Viðeyjar.



Fjármál 2014

FRUMVARP 2014 (í þús. kr.)

Tekjur

Rekstrartekjur 3.835

Gjöld

Laun og launatengd gjöld 10.577

Innri leiga 26.914

Annar rekstrarkostnaður 39.614

Rekstrarniðurstaða

73.270

Starfsmannafjöldi 2014

Heildarfjöldi starfsmanna 2

Fjöldi stöðugilda 1,3

HELSTU VERKEFNI 2014

Nú sem fyrr verður unnið markvisst að því að gera Viðey að áhugaverðum áfangastað fyrir borgarbúa og ferðamenn, unga sem aldna. Lagt er upp með lífflega, litríka og fræðandi dagskrá sem unnin er í samvinnu við samstarfsaðilana Hvalaskoðun ehf. og Gallery restaurant Hótel Holt sem sjá um ferjusiglingar, veitingarekstur og fleira í Viðey.

Viðey allt árið

Með samningi um reglulegar ferjusiglingar árið um kring er markmiðið Viðey allt árið orðið að veruleika. Unnið er markvisst að því að efla starfsemi í eyinni utan háannar. Friðarsúlusiglingarnar í október fram í desember hafa notið vinsælda bæði meðal innlendra og erlendra gesta, en siglt er öll kvöld frá 9. október til 8. desember. Lágstemmd, falleg og friðsæl jóladagskrá verður í Viðeyjarstofu þar sem

gestum gefst kostur á að skera laufabrauð og mála piparkökur. Boðið verður upp á ævintýralega eggjaleit fyrir páska. Rysjótt tíðarfar að vetri hefur vissulega áhrif á vetrarstarf í eyjunni en uppi eru hugmyndir um að skipuleggja með stuttum fyrirvara viðburði þegar vel viðrar.

Sumarið hefur ávallt verið háannatími í Viðey. Þriðjudagsleiðsagnir hafa sinn fasta sess og njóta vinsælda. Boðið verður upp á hefðbundnar ferðir þar sem reyndir leiðsögumenn miðla sögu, náttúru og list til þátttakenda, einnig verður boðið upp á annarskonar leiðsagnir t.d. jólagöngu, fjallahjólaferð, lækningajurtagöngu ásamt leiðsögn á tákn máli.

Viðey er einn af hlaupastöðum Kvannahlaups ÍSÍ í Reykjavík og verða tvær hlaupaleiðir í boði, 3 og 7 kílómetrar. Hestaleiga að sumri hefur gengið vel og er

komin til að vera. Barnadagurinn og Regnbogadagur fjölskyldunnar verða á sínum stað sem og Sólstöðuhátíð, Frumbyggjadagurinn og fleira. Skátar halda einnig sitt árlega skátamót í eyjunni.

Heimsóknir skólabarna á vorin er fastur liður og nú koma einnig skólahópar á haustin og fá þau fræðslu um sögu, listir, gróður og fugla.

Miðlun og menning

Í góðri samvinnu við Listasafn Reykjavíkur og Höfuðborgarstofu verður áfram unnið að því að kynna Viðey sem áfangastað fyrir ferðamenn, innlenda og erlenda með áhuga á menningu og listum. Listaverkin sem prýða eyjuna hafa aukið hróður hennar. Áfangar, verk Richards Serra er einstakt og Friðarsúla Yoko Ono er víðfræg, en árlega fylgjast milljónir manna um heim allan með tendrun verksins í beinni útsendingu á vefsvæði listamannsins.

Sögueyjunni Viðey eru gerð skil í nýlegri sýningu og innsetningu í Viðeyjarstofu. Talið er að Kjalnesingasaga og líklega fleiri Íslendingasögur hafi verið skrifaðar í Viðeyjarklaustri. Þá var ferðasaga Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar að stórum hluta rituð í eyjunni og þar var starfrækt prentsmiðja í þrjá áratugi á framanverðri 19. öld. Viðey á mjög merkar bækur, þeirra á meðal eintak af Guðbrandsbiblíu. Í samvinnu við Minjasafn Reykjavíkur og Ljósmyndasafn Reykjavíkur hafa bækurnar nú verið skráðar og eru varðveittar á viðeigandi hátt, en nokkrar þeirra eru til sýnis í Viðeyjarstofu ásamt fleiri menningarverðmætum sem tilheyra

eyjunni. Stefnt er að því að hefja undirbúning að nýrri sýningu í skólahúsinu þar sem atvinnusögu eyjunnar og sögu þorpsins verða gerð skil.

Unnið verður að því að kynna Viðey fyrir nemendum í Leiðsöguskóla Íslands, leiðsögunámi í Endurmenntun HÍ og nemendum í ferðamálafræði og hagnýtri menningar-miðlun. Vefsvæði Viðeyjar er í stöðugri þróun og á að gera sögu, náttúru og list Viðeyjar góð skil.

Aðstaða og umhverfi

Í samvinnu við Umhverfis og skipulagssvið er þegar hafin hönnun og undirbúningur á nýju og skemmtilegu leiksvæði og áningarstað fyrir börn og fjölskyldur sem byggt verður ofan á því gamla á bak við Viðeyjarstofu. Við hönnunina er tekið mið af húsakosti, sögu og náttúru eyjarinnar og þess gætt að svæðið henti sem flestum með tilliti til aðgengismála. Vonir eru bundnar við að verkefninu verði áfangaskipt og unnt að ljúka á nokkrum árum. Jafnframt er stefnt að því að bæta aðgengi og aðstöðu við Skarfabakka með nýju bryggjuhúsi og biðskýli við bryggjuna í Viðey, en verkefnið er á áætlun hjá Umhverfis- og skipulagssviði.

SEEDS sjálfbóðaliðasamtökin koma á hverju ári til Viðeyjar og verður því samstarfi haldið áfram. Hópur á þeirra vegum sinnir mikilvægum verkefnum í eyjunni s.s. hreinsun fjörunnar, sáningu og plöntun matjurta, léttum viðhaldsverkefnum ofl. Grænu skrefin verða áfram stigin í átt að vottun á Viðey sem grænum áfangastað í samvinnu við rekstraraðila í Viðey.

Viðburðadagatal Viðeyjar 2014

Jan-feb	Þorablót með skemmtun í Viðeyjarstofu
Mars	Friðarsúla Yoko Ono lýsir upp himininn í eina viku á vorjafndægri
Júní	Viðeyjarhátíð. Kvinnahlaup. Sólstöðuhátíð
Júlí	Frumbyggjadagur. Barnadagur
Ágúst	Regnbogahátíð. Töðugjöld
Júní-ágúst	Þriðjudagsgöngur af ýmsum toga allt sumarið. Hestaleiga
Október	Tendrun Friðarsúlunnar. Sérstakar Friðarsúlusiglingar hvert kvöld frá 9. okt. til 8. desember
Nóv-des	Jóladagskrá. Friður og fjölmening í samstarfi við Listasafn Reykjavíkur
Jan-des	Tónleikar eitt fimmtudagskvöld í mánuði.

Lykiltölur	Rauntölur 2011	Rauntölur 2012	Útkomuspá 2013	Markmið 2014
Gestafjöldi með Viðeyjarferju	19.421	23.334	25.000	26.150
Skólanemar í skipulögðum heimsóknum	2.011	1.533	2.100	2.100
Fjöldi viðburða	22	27	23	23
Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna	2	2	2	2



Menningar- og ferðamálsvið 2013

Gestrís borg var yfirskrift Menningar- og ferðamála- sviðs árið 2013. Árið markaði tímamót í starfi þriggja stofnana sviðsins þar sem Borgarbókasafn Reykjavíkur fagnaði 90 ára afmæli, Listasafn Reykjavíkur minntist þess að 40 ár voru liðin frá því að myndlistin eignaðist heimili á Kjarvalsstöðum og Menningarmiðstöðin Gerðuberg hélt upp á 30 viðburðarárk ár. Því þótti sérstakt tilefni til þess að bjóða af rausnarskap í bæinn og taka einstaklega vel á móti gestum - hvort sem þeir kæmu í leit að fróðleik, listupplifun, afþreyingu eða til að fá sköpunargleði sinni útrás. Aðgerðir í kjölfar nýrrar ferðamálastefnu efltu enn gestrísina og á móti kom mikil aukninga ferðamanna og glaðir gestir á stofnanir borgarinnar.

Stefnumótun

Fylgt var vel eftir þeirri aðgerðaráætlun sem nýja ferðamálastefnan Styrkar stoðir ýtti úr vör. Vinnuhópur um endurskoðun menningarstefnunnar gerði tillögur að leiðarljósi, markmiðum og leiðum, en aðgerðaráætlun varð ekki lokið. Tekið var mið af nýrri menningarstefnu ríkisins sem samþykkt var á alþingi í mars, en hún leggur áherslu á auknið samstarf við Reykjavíkurborg sem höfuðborgar landsins og ávarpar stafræna menningu eins og nýtt markmið í drögum að nýrri menningarstefnu borgarinnar.

Styrkveitingar og viðurkenningar

Tilkynnt var í janúar um styrkveitingar ársins. Trío Sunnu Gunnlaugs var útnefnt Tónlistarhópur Reykjavíkur 2013. Þrjár hátíðir bættust við þær átta sem njóta samstarfsamnings til þriggja ára úr Borgarhátíðasjóði og á árinu eflidist borgin enn sem Hátíðarborg með fleiri aðgerðum í kjölfar nýrrar ferðamálastefnu.

Gerðir voru samstarfssamningar til þriggja ára við fleiri aðila í menningarlífinu en hátíðirnar, en hlé hafði verið gert á þeim frá hrúni. Samningar voru því gerðir við Heimili kvikmyndanna til rekstrar Bíós Paradísar, Nýlistasafnið til rekstrar safnsins, Bandalag sjálfstæðra leikhúsa til rekstrar skrifstofu SL og Tjarnarbíós, Kling og Bang til rekstrar gallerís, Samtök um danshús til rekstrar dansverkstæðis og Myndhöggvarafélagið í Reykjavík til rekstrar verkstæðis og útsýninga í Höggmyndagarðinum. Að auki var veittir um 100 styrkir til menningarlífsins í borginni allt frá 100 þúsund krónum upp í 1.6 milljónir hver.

Langstærsti menningarsamningurinn sem gerður var á árinu var við Leikfélag Reykjavíkur vegna Borgarleik-

hússins; annars vegar til rekstrar og hins vegar styrkur vegna nýtingar fasteignar og búnaðar. Samkvæmt fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar árið 2013 nam heildarframlag til starfsemi og rekstrar í Borgarleikhúsinu rúmum 837 milljónum, þar af rúmur hálfur milljarður til rekstrar. Samningurinn gildir fyrir árin 2013 til 2015 með heimild til framlengingar einu sinni til þriggja ára. Jafnframt var gerður samningur milli mennta- og menningarmálaráðuneytis, Reykjavíkurborgar og Listahátíðar í Reykjavík um rekstur og fjárframlag til Listahátíðar í Reykjavík og gildir hann fyrir árin 2013, 2014 og 2015.

Margvíslegt samstarf Bandalags íslenskra listamanna og sviðsins hélt áfram á árinu og var samningur Reykjavíkurborgar og BÍL endurnýjaður til þriggja ára. Undirritaður var samstarfssamningur Menningar- og ferðamálsviðs við Rekstrarfélag Sjónlistarmiðstöðvar á Korpúlfsstöðum um vinnuáætlun fyrir myndlistarmenn og hönnuði. Samningurinn er ótímabundinn, en uppsegjanlegur með sex mánaða fyrirvara miðað við mánaðarmót.

Gerðar voru breytingar á verklagsreglur um styrki fyrir komandi ár og voru þær helstar að ráðið mun ekki veita skyndistyrki árið 2014.

Sérstakar áherslur menningar- og ferðamálaráðs vegna styrkja ársins 2013 voru:

- Reykjavík sem bókmenntaborg – borg orðsins
- Börn og menningaruppeldi
- Samstarf eininga/stofnana/listgreina/listamanna að nýsköpunarverkefnum
- Fjölmenningarleg verkefni.

Samruni safna

Í apríl samþykkti menningar- og ferðamálaráð að gerð verð úttekt á kostum og göllum þess að sameina rekstur Minjasafns Reykjavíkur og Víkurinnar - Sjóminjasafnsins í Reykjavík undir einum hatti. Jafnframt verði metnir kostir og gallar þess að umsjón með starfsemi og rekstri í Viðey og rekstur Ljósmyndasafns Reykjavíkur verði felldur inn í slíkt skipulag. Sviðið fól Fyrirtækjaráðgjöf Centra að vinna með sér að úttektinni. Í október samþykkti síðan borgarráð að rekstur og starfsemi Víkurinnar – Sjóminjasafns Reykjavíkur ses. verði yfirtekin með eignum og skuldum sjálfseignastofnunarinnar og að safnið gert að borgarsafni. Breyting á rekstrarformi skuli miða við áramót 2013- 2014 og byggja á forsendum samrunaáætlunar dags. 12. september 2013. Samhliða því var

sviðsstjóra Menningar- og ferðamálasviðs falið að leiða sameiningu á rekstri og þjónustu Minjasafns Reykjavíkur, Ljósmyndasafns Reykjavíkur, Viðeyjar og Víkurinnar – Sjóminjasafns Reykjavíkur í samræmi við forsendur og markmið fyrirbyggjandi samrunaáætlunar. Uppfærð var forsoðgn Menningar- og ferðamálasviðs og Skrifstofu eigna og atvinnuþróunar frá árinu 2008 um Varðveislusetur menningarverðmæta Reykjavíkurborgar og hún kynnt hjá menningar- og ferðamálaráði, í borgarráði og á Umhverfis- og skipulagssviði.

Nýmiðlun

Áhersla var mikil á bættu nýmiðlun á árinu á stofnunum sviðsins og miðlægt. Snjallsímar og spjaldtölvur voru tekin í notkun, samfélagsmiðlarnir nýttir til hins ítrasta, margvísleg fræðsla fyrir starfsmenn tengd miðlun í boði og mikil áhersla lögð á lifandi viðmót og myndefni. Heimasíður stofnanna voru stórbættar og nýir vefir opnaðir. Yfirfærsla safnkosts Borgarbókasafns úr strika-merkjum í örflögur var mikilvæg varða á þessari vegferð.

Innra starf

Áfram var unnið áttak í skjalastjórnun og nýju verkefni hleypt af stokkunum í kynjaðri fjárhagsáætlunargerð. Sviðið hefur lagt sérstakan kraft í fræðslu og þjálfun starfsmanna. Metnaðarfull fræðsludagskrá var í boði allt árið með jafningjafræðslu hvers konar auk valinna gestafyrirlesara. Flestar stofnanir sviðsins fóru jafnframt í fjölbreyttar fræðsluferðir með stuðningi fræðslusjóðs Starfsmannafélags Reykjavíkur. Annað umbóta-kerfni ársins var að bæta upplýsingamiðlun innan sviðsins og stofnana þess. Niðurstöður starfsmannakönnunar 2013 sýna að umtalsverður árangur hefur náðst bæði hvað varðar fræðslu og miðlun upplýsinga. Menningar og ferðamálasvið skorar hæst innan Reykjavíkurborgar í starfsmannakönnun hvað þessi atriði varðar. Starfsmenn MOF telja jafnframt ímynd vinnustaðar síns afar góða og eru stoltir af starfi sínu.



Þorgrímur Þráinsson var útnefndur Borgarlistamaður Reykjavíkur 2013. Jón Gnarr borgarstjóri og Einar Örn Benediktsson formaður menningar- og ferðamálaráðs með Þorgrími og fjölskyldu við Höfða.



Jón Gnarr borgarstjóri útnefndi Yoko Ono heiðursborgara Reykjavíkur. Reykjavíkurborg vildi þakka Yoko Ono fyrir dýrmætt framlag hennar til þess að vekja athygli á mikilvægi friðar og mannréttinda í heiminum og að kjósa Reykjavík sem vettvang til þess að breiða út þann boðskap. Í árvissum heimsóknum sínum til Reykjavíkur þegar kveikt hefur verið á Friðarsúlunni hefur Yoko orðið mikilvæg hvatning til friðar og mannúðar. Það var metþátttaka þegar Yoko Ono tendraði Friðarsúluna í Viðey 2013 á fæðingardegri Johns Lennon 9. október.



Einar Örn Benediktsson, formaður menningar- og ferðamálaráðs Reykjavíkurborgar, tilkynnti í Listasafni Reykjavíkur í Hafnarhúsi í janúar um styrkveitingar ráðsins árið 2013. Um leið var Trío Sunnu Gunnlaugs útnefnt Tónlistarhópur Reykjavíkur 2013 og lék það við athöfnina sem styrkþegum var boðið til. Auk djasspíanóleikarans Sunnu Gunnlaugs skipa tríóið Þorgrímur Jónsson á kontrabassa og Scott McLemore á trommur.



Börkur Karlsson hlaut Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar 2013 fyrir ljóðahandritið Árleysi alda. Elsa Hrafnhildur Yeoman forseti borgarstjórnar veitti viðurkenninguna í Höfða.

Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO



Árið 2013 var viðburðaríkt hjá Bókmenntaborginni Reykjavík. Haldið var áfram að þróa verkefni þessarar nýju skrifstofu og festa starfsemi og ímynd hennar í sessi. Stærstu verkefni ársins voru þátttaka í skipulagningu og framkvæmd heimsþings PEN sem haldið var í Reykjavík í september, samstarf við Bókmenntahátíð í Reykjavík í sama mánuði og Lestrarhátíð, sem haldin var í annað sinn í október. Hátíðin bar heitið Ljóð í leiðinni en þar var lögð áhersla á borgarljóð og var borgin ljóðskreytt með veggspjöldum, stenslum og auglýsingaskiltum, auk þess sem strætisvagnar borgarinnar fluttu ljóð um götur hennar.

Bókmenntaborgin stóð fyrir mánaðarlangri sýningu í Ráðhúsi Reykjavíkur í júlí, The Art of Being Icelandic, í samstarfi við Ráðhúsið og Miðstöð Íslenskra

bókmennta. Henni var beint að ferðamönnum og samhliða var boðið upp á bókmenntadagskrár í Hörpu með íslenskum rithöfundum.

Samstarf Bókmenntaborgarinnar, Minjasafns Reykjavíkur, Stofnunar Árna Magnússonar og Þjóðminjasafn um kynningu á lykilgripum íslenskrar menningarsögu fyrir ferðamönnum hélt áfram og leit nýr bæklingur á ensku dagsins í júní.

Fyrstu minjagripir Bókmenntaborgarinnar litu dagsins ljós á árinu, en þeir eru tvö bókamerki sem Guðrún Lilja Gunnlaugsdóttir hannaði. Þau eru nú komin í sölu í safnverslunum Reykjavíkurborgar. Haldið var áfram að bæta við kynningarefni Bókmenntaborgarinnar og snjallsímavefur og smáforrit voru þróuð áfram.

Borgarbókasafn Reykjavíkur

90 ára afmæli Borgarbókasafns Reykjavíkur

Þann 19. apríl 1923 opnaði Borgarbókasafn Reykjavíkur dyr sínar fyrir almenningi í Reykjavík. Haldið var upp á þessi tímamót með ýmsum hætti á árinu. Afmælisveislur í hverju safni í afmælisvikunni, gefið var út tímalínuveggspjald þar sem stiklað var á stóru í sögu safnsins, ljósmyndasýning og sýning á gömlum vinnutækjum svo eitthvað sé nefnt.

Listahátíð í Reykjavík

Borgarbókasafn tók virkan þátt í Listahátíð í Reykjavík. Í Rýmum & skáldunum gafst áhorfendum færi á að upplifa nýja hlið á bókasafninu og verða vitni að sköpunarferli sex nýrra íslenskra leikverka í sviðsettum leiklestrum undir leikstjórn sex leikstjóra. Eftir þennan fyrsta flutning fyrir áhorfendur þróa leikskáldin og leikstjórnir verkin áfram og síðar á árinu verða þau tekin upp á vegum Útvarpsleikhússins.



Ný tækni

Stærsta verkefni ársins er án efa örflöguvæðing Borgarbókasafns. Skipt var út öllum sjálfsafgreiðsluvélum í safninu, ný öryggishlið sett upp og nýjar starfsmannastöðvar teknar í notkun, en allur þessi vélbúnaður nýtir örflögur við vinnuna. Settar voru örflögur í allan safnkost safnsins, 470.000 eintök. Þessi vinna fór fram í september og október að undangengnu útboði. Útboðslýsingar voru tilbúnar í mars og var þá auglýst. Samið var við finnska fyrirtækið P.V.SUPA OY um kaup á vélum og komu tæknimenn til landsins í september og settu upp vélarnar og kenndu starfsfólki á þessa nýju tækni. Gert var stórt grisjunaráttak áður en yfirfærsla safnkosts úr strikamerkjum í örflögur átti sér stað í september. Var þetta gert til þess að koma í veg fyrir óþarfa

yfirfærslu og einnig var tímabært að endurskoða safnkostinn. Millisafnalánabáttur og aðfangabáttur bókasafnskerfisins Gegnis voru teknir í notkun í byrjun árs og nýttast vel við vinnuna í safninu.

Úlfarsárdalur

Hafinn var undirbúningur að byggingu skóla, sundlaugar, menningarmiðstöðvar/bókasafns og íþróttahúss í Úlfarsárdal. Búið er að semja forsögn fyrir verkefnið og auglýsa samkeppni meðal arkitekta. Áform eru uppi um að Borgarbókasafn opni safn og menningarmiðstöð í tengslum við skóla og sundlaug sem þjóna mun íbúum í Úlfarsárdal og Grafarholti.

Íslandskort bókmenntanna

Í júníbyrjun var Íslandskort bókmenntanna opnað. Á því má finna söguvið skáldsagna og skyldra bókmenntaverka. Kortinu var gríðarvel tekið og um miðjan ágúst hafði vefurinn fengið 24.000 heimsóknir. Verið er að útbúa Reykjavíkurtort ljóðanna fyrir Lestrarhátíð sem haldin verður á vegum Bókmenntaborgarinnar í október, en þema hátíðarinnar að þessu sinni er ljóð. Stefnir er að því að þróa fleiri slík kort, t.d. með efni sem tengist þekktum gönguleiðum á landinu.

Starfsmenn Borgarbókasafns

lögðu land undir fót og fóru til Helsinkí í fræðslu- og kynnisferð í september. 24 starfsmenn fóru í þessa ferð og eru tvær ferðir á dagskrá næsta árs. Haldið var vorþing í apríl í Sólheimasafni og málþing er fyrirhugað í nóvember á vegum starfsmanna.

Lestrarhátíð í október og samvinna við

Bókmenntaborg UNESCO

Lestrarhátíð var haldin í annað sinn í október 2013 og var þema hátíðarinnar að þessu sinni ljóð. Safnið bauð upp á ljóðadagskrá og fleira spennandi í tilefni hátíðarinnar.

Borgarbókasafn var einnig með bókmenntagöngur í tengslum við PEN ráðstefnuna sem haldin var í Hörpu í september.

Fjölmenning

Að vanda voru fjölmenningarverkefni safnsins mörg og vönduð. Menningarmót eru nú að verða fastur liður í nokkrum grunnskólum og hafa nokkrir skólar gert samning þar um. Söguhringur kvenna málaði listaverk fyrir fyrirtækið Kaffitár til notkunar á kaffiumbúðum og í öðru kynningarefni. Fyrirtækið veitti verkefnum veglegan styrk fyrir vikið sem nýtt verður m.a. í leiklistarnámskeið fyrir Söguhringinn. Af öðrum fjölmenningarverkefnum má nefna Café Lingua í aðalsafni á mánuðögum, Söguhringur kvenna og Heimsins konur.

Hátíðir og sýningar

Að venju tók safnið þátt í hinum ýmsu borgarhátíðum. Á vetrarhátíð var efnt til Ljóðaslammis í 6. sinn, Barnamenningarhátíð var haldin í apríl og bauð safnið upp á Skapandi skrif fyrir unglunga í samvinnu við Sköpunarskólann. Leiðbeinandi var Davíð Stefánsson bókmenntafræðingur. Í ágúst var Brosið látið ganga á Menningarnótt. Myndasögusamkeppni var haldin í maí, og af sýningum sem settar voru upp á árinu í aðalsafni má nefna sýninguna Nordicomics Islands – norrænar myndasögur dagsins í dag, sýningar Ninnýar, Jónínu Magnúsdóttur og Lóu Guðjónsdóttur í Artótekinu og Ísak Nói sýndi verk í Sólheimasafni.

Í byrjun apríl gátu lánþegar fengið að láni þrjá listamenn í gegnum útlánakerfi Borgarbókasafns. Á sama hátt og borgarbúar geta leigt út bækur, tímarit og DVD diska safnsins, var mögulegt að leigja út danshöfundinn Ásrúnu Magnúsdóttir og myndlistarmennina Örn Alexander Ámundason og Unnar Örn. Í september var efnt til myndasögusýningar í samvinnu við Goethe stofnunina.



Höfuðborgarstofa

Ferða- og markaðsmál

Eitt af forgangsverkefnum Höfuðborgarstofu á árinu var að endurskoða vörumerki Reykjavíkur samkvæmt áherslum Ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar 2011-2020. Undirbúningsvinna og rannsóknir á vörumerki hófust í janúar og var málþing um endurskoðun vörumerkis með ferðabjónustu- og hagsmunaaðilum haldið í febrúar. Það stendur til að halda annað málþing um stöðu verkefnisins í lok árs. Markmiðið er að allir hagsmunaaðilar sjái hag sinn í því að nota nýtt vörumerki og sameinist um þau skilaboð sem það ber með sér.

Höfuðborgarstofa tók á móti fjölmörgum erlendum blaðamönnum á árinu. Sérstök áhersla var lögð á að fá erlenda blaðamenn til landsins í tengslum við ýmsa viðburði frá hausti til vors í samstarfi við Íslandsstofu. Einnig var leitast eftir því að greiða götu erlends þáttagerðafólks og kvikmyndagerðarmanna sem áhuga höfðu á að nýta borgarmyndina í umfjöllun sinni. Meðal blaðamannahópa sem Höfuðborgarstofa styrkti á einhvern hátt voru blaðamenn sem komu í tengslum við Vetrarhátíð, Eve Online, RIFF, Iceland Airwaves, Friðarsúluna og desember í Reykjavík.

Höfuðborgarstofa tók þátt í verkefninu Ísland er með'etta ásamt öðrum markaðsstofum á landinu auk þess að vera þátttakandi í Ísland allt árið og Iceland Naturally á Bandaríkjamarkaði. Einnig var haldið áfram með verkefnið Reykjavík on your own í samstarfi við Miðborgina okkar og Faxaflóahafnir. Haldið var áfram að kynna Jólaborgina í desember.

Þá var ráðist í verkefnið Reykjavík Festival City sem var bæklingur um allar árlegar hátíðir í Reykjavík. Gerð voru myndbönd fyrir samfélagsmiðla fyrir 14 stærstu hátíðirnar. Meet in Reykjavík, Inspired by Iceland og Iceland Naturally voru samstarfsaðilar í því verkefni.

Í byrjun árs 2013 var lögð mikil vinna í að fá til landsins Heimsleika hinseginfólks fyrir árið 2017 og fór hópur á vegum borgarinnar í málflutning til Antwerpen. Val stjórnar leikanna um staðsetningu stóð um Reykjavík eða Miami og vann sú síðarnefnda málflutninginn þetta árið.

Vefmiðlar

Nýr vefur Visit Reykjavík fór í loftið í júlí í nýju vefum-sjónarkerfi, Drupal, en unnið verður markvisst að þróun þess á næstu árum.

Viðburðir

Vetrarhátíð var haldin 7.-10. febrúar með stuðningi Orkusölnunnar. Eftt var til samkeppni um opunarverk



sem afhjúpað var á fyrsta degi hátíðarinnar. Spænski arkitektinn Marcos Zotes vann samkeppnina en hann vann einnig sömu samkeppni árið 2012. Í þetta skipti bjó hann til tilkomumikið ljóslistaverk sem staðsett var á Austurvelli. Safnanótt var haldin að vanda á öðrum degi hátíðarinnar. Sundlauganótt var haldin í annað sinn á laugardagskvöldinu 9. febrúar og þótti takast ákaflega vel.

Barnamenningshátíð var haldin í þriðja skipti dagana 23.-28. apríl í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneytið. Tæplega helmingur barna í borginni kom fram fyrir hönd skóla sinna, frístundamiðstöðva eða listaskóla, tóku þátt í skóla-smíðjum eða voru áhorfendur á skólasýningum.

Menningsnótt var haldin 24. ágúst með stuðningi frá Landsbankanum og Vodafone og tókst með afbrigðum vel. Sérstök áhersla var lögð á að gera flugeldasýninguna sem glæsilegasta, en hún nefndist Eldar og var lýst sem dansverki fyrir 3 tonn af flugeldum. Sigríður Soffía Nielsdóttir samdi danssýninguna í samstarfi við Hjálparveit skáta í Reykjavík sem önnuðust framkvæmd hennar.

Höfuðborgarstofa tók þátt í undirbúningi og framkvæmd tendrunar Friðarsúlunnar í Viðey í samstarfi við Viðey og skrifstofu Menningar- og ferðamálasviðs. Rúmlega 1800 gestir komu út í Viðey og hafa aldrei komið fleiri gestir á athöfnina sem tókst einkar vel.

Á Aðventuhátíð í desember var haldið áfram með verkefnið Jólaborgina Reykjavík sem hófst 2011 í samstarfi við Umhverfis- og skipulagssvið. Höfuðborgarstofa studdi við viðburði í borginni sbr. Bacon Festival, Víkingahátíð í Hljómskálagarðinum ofl.

Upplýsingamiðstöð ferðamanna

Mikil aukning varð á komu gesta á árinu - einkum í mars þar sem aukningin varð rúmlega 150% frá árinu áður.

Munir merktir Visit Reykjavík voru teknir í sölu og sérstakir kynningarstandar fyrir þá voru settir upp. Unnið var áfram að framgangi og eflingu Gestakorts Reykjavíkur.

Listasafn Reykjavíkur

Aukning í gestafjöldi stefnir í 18% á árinu. Sýningin Flæði var fjölsótt og sumarsýning Kjarvalsstaða vakti mikinn áhuga erlendra ferðamanna. Einnig voru gjörningar Magnúsar Pálssonar á Listahátíð og útskriftarsýning Listháskólans vinsælir viðburðir.

Sýningar

Stærsta sýning ársins var Flæði en þar gafst gestum tækifæri til að sjá hátt í 1000 málverk úr safneign Listasafns Reykjavíkur. Sýningin tók stöðugum breytingum þá tæpa fjóra mánuði sem hún stóð yfir. Samhliða henni voru verkin ljósmynduð, skráning þeirra yfirfarin og ástand þeirra metið og lagað. Tækifærið var einnig notað til að hreinsa og gera við geymslur. Loks voru fjórir sjálfsstæðir fagmenn fengnir til að leggja listfræðilegt mat á málverkin og flokka þau eftir mikilvægi þeirra í sögu íslenskrar myndlistar. Verkefnið sýndi að í safninu má finna afbragðsverk sem hafa mikla þýðingu fyrir íslenska listasögu almennt og mörg önnur sem teljast mikilvæg dæmi um ákveðin tímabil eða feril einstakra listamanna.

Önnur viðamikil sýning á árinu var Íslensk myndlist 1900-1950: Frá landslagi til abstraktlistar. Yfir tvö-hundruð málverk og höggmyndir eftir 40 listamenn voru á þessu sögulega yfirliti og voru flest verkana fengin að láni frá öðrum stofnunum og einstaklingum. Þriðja stóra sýning Kjarvalsstaða er Alexander Rodchenko, bylting í ljósmyndun en hún samanstendur af 233 ljósmyndum þess merka listamanns og kynnir hann í fyrsta sinn á Íslandi. Sýningin er sett upp í tengslum við sjötíu ára afmæli stjórnmalasambands Íslands og Rússlands og er Kjarval kynntur á sama tíma í Þjóðarsafninu í St. Pétursborg í náinni samvinnu safnana. Á meðan mörg þekktustu Kjarvalsverk Listasafns Reykjavíkur eru á sýningu í Rússlandi eru verk eftir Kjarval í eigu íslensku bankanna sýnd á Kjarvalsstöðum. Mynd af heild, eins og sú sýning er kölluð, gefur einstakt tækifæri til að sjá öll Kjarvalsverk bankana samankomin á einum stað.

Í Ásmundarsafni var sögumaðurinn Ásmundur í forgrunni yfir sumarmánuðina á sýningunni Sagna-brunnur þar sem gat að líta tuttugu höggmyndir sem Ásmundur byggði á bókmenntarfinum. Á haustsýningu Ásmundarsafns voru verk hans sett í samhengi við verk sem listamaðurinn Anna Hallin hefur skapað með vísun í list Ásmundar.

Í Hafnarhúsi gafst almenningi í fyrsta sinn tækifæri til að sjá heildstætt yfirlit yfir graffikverk Errós en sýningin var afrakstur þriggja ára vinnu við skráningu og rannsóknir á hlutverki þessa mikilvæga miðli í list



hans. Meðal annarra sýninga í Hafnarhúsi má nefna þrjár stórar innsetningar í A-sal. Ívar Valgarðsson reið á vaðið með verkinu Til spillis, þar sem hann varpaði uppstækkuðum myndum af málningardropum á veggjalarins. Á Listahátíð settu tveir yngri listamenn, Huginn Þór Arason og Andrea Maack, upp verkið Kafaskipti en lyktarskynið lék þar aðalhlutverkið. Loks gerir þekktasti samtímalistamaður Litháa Zilvinas Kempinas staðbundna innsetningu í A-sal á haustmánuðum. Á sama tíma er verk ungs Lithásk listamanns, Tomas Martišauskis kynnt í D-sal.

Þrjár stórar sögusýningar voru haldnar í Hafnarhúsi. Robert Smithson: Rýnt í landslag tók umhverfisverk Smithson fyrir en hann var einn af upphafsmönnum umhverfislistar (Land Art Movement) og hafði ómæld áhrif á listsköpun síðastliðinna fjörtíu ára. Upptök íslenskrar vídeólistar er tekin fyrir á haustsýningu Hafnarhúss en þar eru dregin fram verk sem höfðu verið sýnd hér á landi í fyrsta skipti á árunum milli 1980 og 1990 en hafa fæst sést á sýningum síðan. Viðamesta sýning ársins í Hafnarhúsi var Lúðurhljómur í skókassa, yfirlitssýning á gjörningum Magnúsar Pálssonar frá 1980 til dagsins í dag. Sýningin var samvinnuverkefni Listasafns Reykjavíkur og Listahátíðar í Reykjavík og voru sex stórir gjörningar endurgerðir á hátíðinni.

Fjölmenning

Boðið var uppá leiðsagnir um Kjarvalsstaði í samvinnu við Pólska skólann í Breiðholti og Móðurmál-Samtök um tvítýngi. U.þ.b. 100 nemendur af pólskum, tælenskum, slóvakískum og spænskum uppruna heim-sóttu safnið og 50 börn tóku þátt í listsmiðju sem hönnuð var sérstaklega fyrir það tækifæri. Safnið tók einnig þátt í safarí leiðsögn um menningarlíf borgarinnar á fimm ólíkum tungumálum (ensku, pólsku, spænsku, tælensku og filippseysku) ásamt Borgar-bókasafni, Ljósmyndasafni, Minjasafn og Bókmennta-borginni.

List í almenningssými

Tveir skúlptúrar og tvær stórar veggmyndir bættust við listaflóru borgarlandslagsins á árinu.

Viðsnúningur eftir Guðjón Ketilsson var settur upp við Kjarvalsstaði og skúlptúrin Obtusa eftir Rafael Barrios við Höfðatorg. Veggmyndirnar prýða há fjölbýlishús í Efra-Breiðholti. Sara Riel málaði mynd á gafl Asparfells 12 og Theresa Himmer gerði mynd á gafl Jórufells 12. Veggmyndirnar eru hluti af tveggja ára verkefni og mun þriðji listamaðurinn verður valinn næsta sumar. Auk

þess verður boðið uppá listsmiðjur þar sem ungmenni fá tækifæri til að læra veggmyndagerð undir handleiðslu reyndra listamanna og mögulega að mála eigin myndir á lægri byggingar í hverfinu.

Hallsteinsgarður var afhjúpaður í landi Gufuness í Grafarvogi með 16 álskúlptúrum sem voru gjöf Hallsteins Sigurðssonar til Reykjavíkurborgar.

Ljósmyndasafn Reykjavíkur

Sýningar

Í ársbyrjun opnaði sýning með myndum eftir Guðmund Ingólfsson; Kvosin 1986 og 2011: myndir sem sýna breytingu og þróun borgarskipulags á 25 ára tímabili. Sýningin var samstarfsverkefni Ljósmyndasafns og Minjasafns Reykjavíkur. Um sumarið var sýning á myndum eftir Spessa úr myndaröð hans Nafnlaus hestur, þar sem hann myndaði mótorhjólafólk og -menningu í Bandaríkjunum. Þema haustsýningar var náttúran í íslenskum ljósmyndum og ber heitið Samtímalandslagið. Þar var meðal annars skoðað á hvað hátt landslagið birtist fólki, þá sérstaklega í verkum yngri ljósmyndara.

Samstarf

Safnið kemur að þýðingu á handbók um varðveislu safnkosts sem Þjóðminjasafn Íslands stendur fyrir, auk þess sem unnið er að sameiginlegri yfirlitssýningu safnanna á ljósmyndum íslenskra kvenna 1870—2012 sem sett verður upp árið 2014 samtímis á báðum söfnunum.

Í samstarfi við Nýherja var Ljósmyndasafnið með kynningardag þar sem veittar voru leiðbeiningar um varanlega vistun stafrænna mynda fyrir almenning.

Á afmælisráðstefnu Félags um skjalastjórn veitti Ljósmyndasafn Reykjavíkur ráðgjöf um vistun stafrænna mynda.

Í samstarfi við Utanríkisráðuneytið og íslenska sendiráðið í Helsinki var Ljósmyndasafnið í forsvari sýningar á samtímaljósmyndum í þekktasta og virtasta ljós-



myndagalleríi í Helsinki, Photogallery Hippolyte. Sýningin stóð frá maílokum fram í júlí.

Námskeið

Um sumarið var námskeið fyrir ljósmyndara í Bromoil ljósmyndataekni sem Dawid W. Lewis, bandarískur ljósmyndari stýrði. Sumarnámskeiðum fyrir börn, 7-12 ára og 13-16 ára, var fjölgað vegna eftirspurnar. Á námskeiðunum læra þau að gera bláþrykks ljósmyndir (cyano-type), pinhole myndavél úr litlum kassa og camera obscura kíki.

Skönnun, skráning og rannsóknir

Helstu verkefni í skönnun, skráningu og rannsóknnum á árinu voru: Skönnun á úrvali úr safni Ragnheiðar Bjarnadóttur; Amatörvinnustofu G. Ásgeirssonar; og úr safni Ingibjargar Ólafsdóttur. Skráning á myndum úr safni Lily Guðrúnar Tryggvadóttur áhugaljósmyndara; úr safni Péturs Leifssonar atvinnuljósmyndara; safni Halldóru Halldórsdóttur og Húsasafni Minjasafns Reykjavíkur. Helstu rannsóknir voru skráning á blaðaljósmyndasöfnum í eigu safnsins.



Menningarmiðstöðin Gerðuberg

Dagskrá

Á dagskrá Gerðubergs árið 2013 voru samtals 68 viðburðir og þar af 17 fyrir börn.

Í upphafi árs var sett upp sýning á origami eða pappírsbrotum þeirra hjóna, Dave og Assiu Brill sem eru þekktir listamenn á þessu sviði í heimalöndum sínum, Bretlandi og Rússlandi. Þau héldu helgarnámskeið fyrir myndlistarfólk, hönnuði og handverksfólk og einnig var boðið upp á tveggja tíma námskeið fyrir starfsfólk frístundaheimila. Sýningin Þetta vilja börnin sjá! var sett upp á sama tíma og var skólabörnum boðið á leiðsögn um sýningarnar ásamt dagskrá í Gerðubergssafni. Á sýningunni voru myndskreytingar úr barnabókum sem komu út árið 2012 og þegar henni lauk í Gerðubergi fór hún á flakk um landið og var sett upp á Akureyri, Hvolsvelli, Höfn, Egilsstöðum og Húsavík.

Heimsdagur barna fór að venju fram á Vetrarhátíð í febrúar í samstarfi við Gerðubergssafn og Frístundamiðstöðina Miðberg. Þar var boðið upp á smíðju í gerð bolluvanda og öskupoka þar sem Öskudagurinn var skammt undan. Þá gátu börnin fönðrað norna- og seiðkarlabúninga og hljómfögur hljóðfæri, lært að búa til origami pappírsbrot og ýmislegt fleira.

30 ára afmæli Gerðubergs var fagnað í byrjun mars með veglegri tónlistardagskrá þar sem fjöldi tónlistarmanna steig á stókk undir stjórn Margrétar Bóasdóttur söngkonu. Barnafjölskyldum var síðan boðið að taka þátt í tveimur kveðskaparsmiðjum; Krummi krunkar úti og Dans vil ég heyra sem notið hafa mikilla vinsælda meðal leik- og grunnskólabarna síðustu misseri. Heiðursgestur afmælisins var Jónas Ingimundarson píanóleikari og fyrrum tónlistarráðunautur Gerðubergs. Hann hélt tónleika síðar í marsmánuði ásamt Þóru Einarsdóttur sópransöngkonu í tilefni af afmælinu.

Á vormánuðum var sett upp sýningin Fuglar – Listin að vera fleygur. Þórunn Elísabet Sveinsdóttir sá um sýningarstjórn og leitaði til 39 listamanna sem allir eiga það sameiginlegt að hafa gert fugla að viðfangsefni í verkum sínum. Listaverkin á sýningunni voru afar fjölbreytt; málverk, ljósmyndir, myndbandsverk, skúlptúrar, hljóðverk og uppstoppun svo nokkuð sé nefnt. Sýningin var sett upp í öllum sýningarrýmum að Safnahorninu undanskildu. Tekið var á móti fjölda skólabarna í leiðsögn um sýninguna.

Afar fjölbreytt dagskrá var í boði á miðvikudagskvöldum. Gestir áttu stefnumót við fjallgöngugarp, háskólakennara og ljósmyndara sem hafa ferðast um framandi lönd. Heimspekileg málefni voru tekin til umfjöllunar og fjallað var um bókmenntir af ýmsu tagi, svo



sem persnesk kvæði, samískar bókmenntir, borgarljóð og íslenska sveitarómana. Þá má ekki gleyma sushi-gerðinni, víruðu kóngulónum og hamskurðinum sem kynntur var í tengslum við fuglasýninguna. Í september var farið af stað með Tónlistarkaffi einu sinni í mánuði undir stjórn Péturs Grétarssonar. Hann fékk til sín góða gesti til spjalla um tónlist og oftar en ekki voru tekin skemmtileg tóndæmi.

Tónleikaröðin Klassík í hádeginu hefur öðlast fastan sess í dagskrá Gerðubergs undir listrænni stjórn Nínu Margrétar Grímsdóttur en að þessu sinni fékk hún til liðs við sig Svövu Bernharðsdóttur lágfiðluleikara, Hrólfr Sæmundsson barítón, Hlín Pétursdóttur Behrens sópran, Helgu Þóru Björgvinsdóttur fiðluleikara og Sigurð Flosason saxafónleikara.

Hrópandi þögn var yfirskrift fyrstu ljósmyndasýningar Svövu Bjarnadóttur. Hún hefur ferðast víða um landið á síðustu árum og heimsótt staði þar sem finna má merkar minjar um liðna tíð. Má þar nefna Núpsstaði og Grímsstaði á fjöllum. Í myndunum má sjá ljóðræn portrett af fólki sem býr oft á tíðum í mikilli einangrun umvafið magnaðri náttúru.

Vilhjálmur G. Vilhjálmsson myndlistarmaður sýndi olfú-málverk og pastelmyndir en hann sækir myndefni sitt gjarnan í íslenskt landslag og mannvirki ýmiss konar. Olfú-málverkin einkennast af samfelldum doppuheidum sem á heilandi hátt mynda skýra en um leið draumkennða sýn á viðfangsefnið. Aðferðin er í senn gróf og fínleg þar sem hver reitur skiptir máli til að skapa samfellda heild.

Kristín Steinsdóttir rithöfundur sat fyrir svörum á Ritþingi Gerðubergs en hún er einkum þekkt fyrir framlag sitt til barna- og leikbókmennta en á síðustu árum hefur hún jafnframt látið að sér kveða með skáldsögum, þeirra á meðal Ljósu sem notið hefur mikilla vinsælda meðal lesenda. Sagan um Ljósu var viðfangsefni kvöldnámskeiðs sem haldið var í tengslum við ritþingið. Stjórnandi þingsins var Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson og í hlutverki spyrila voru Katrín Jakobsdóttir og Sigrún Valbergsdóttir.

Í skammdegi nóvembermánaðar voru opnaðar tvær sýningar af ólíkum toga. Traustur vinur var yfirskrift sýningar Erlu Maríu Árnadóttur sem fjallaði um vináttuna í verkum sínum. Í tengslum við sýninguna var

haldin listsmiðja fyrir alla fjölskylduna þar sem hver og einn fékk að búa til persónu eða ósýnilegan vin sem síðan var útfærður á sjónrænan hátt. Glossolalia er titill á sýningu Daníels Magnússonar þar sem sjá mátti ljósmyndir af ólíkum toga sem saman endurspegluðu sérviskulegt val og upphafið merkingarleysi að sögn listamannsins.

Breiðholtið

Af öðrum verkefnum má nefna að starfsmenn Gerðubergs hafa tekið virkan þátt í verkefnum sem tengjast Breiðholtinu, þeirra á meðal starfsdeginum 4. október þar sem boðið var upp á ýmsar smiðjur þar sem starfsmenn miðluðu þekkingu og fræðslu um ýmis málefni og Breiðholtsdögum sem fram fóru í nóvember.

Minjasafn Reykjavíkur

Árbæjarsafn

Unnið var að endurbótum á safnhúsum í Árbæjarsafni og var megináhersla lögð á að halda áfram endurbýggingu Ívarssels. Að auki var unnið að almennu viðhaldi safnhúsa og lóðar safnsins. Sýningin Frá býli til borgar sem staðið hafði í Lækjargötu 4 frá árinu 2000 var tekin niður. Endurbætur voru gerðar á húsinu, gluggar málaðir og veggfóður lagfært, gólf olíuborin og húsið undirbúið fyrir nýja sýningu.

Miðlun

Nokkrar sérsýningar voru opnaðar í Árbæjarsafni í byrjun sumars. Minjasafnið var sem fyrr í samstarfi við námsbraut í hagnýtri menningarmiðlun við H.Í. um námskeið í gerð sýninga sem byggir á vinnu nemenda. Að þessu sinni var húsvernd og skipulag eftir 1958 viðfangsefni nemenda. Sýningin Framtíðarsýn & fortíðarhyggja, húsvernd og skipulagsmál í miðbæ Reykjavíkur á síðari hluta 20. aldar, var opnuð í Kornhúsi 1. júní. Í tilefni 100 ára afmælis Heimilisiðnaðarfélags Íslands var opnuð sýning um sögu félagsins á handverksdegi 9. júní ásamt búningasýningu í Suðurgötu 7 og í Lækjargötu voru settir upp vefstólar þar sem gestir gátu spreytt sig á að vefa. Prentminjasýning í Miðhúsum var endurnýjuð. Þrjár sýningar voru í Listmunahorninu í Krambúð. Ljósmyndasýning Guðmundar Ingólfssonar KVOSIN 1986 & 2011 sem var samstarfsverkefni Minjasafns og Ljósmyndasafns stóð í Grófarsal frá janúar til maí. Í tengslum við sýninguna var efnt til dagskrár á safnanótt, leiðsagna og gönguferðar með ljósmyndaranum. Sýningin var svo sett upp í Lækjargötu 4 í Árbæjarsafni í júní og stóð út árið.

Vinna hófst við undirbúning nýrrar grunnsýningar í húsinu Lækjargötu 4, þar sem þróun byggðar í Reykjavík verða gerð skil. Sýningarnefnd vann að því að móta hugmynd og frumhönnun sýningar með Snorra Frey Hilmarsyni, hönnuði. Safnasjóður veitti styrk í undirbúningsvinnu við sýninguna að upphæð kr. 400.000. Minjasafnið hlaut styrk úr Safnasjóði að upphæð kr. 900.000 til að hefja undirbúning að sýningu í Suðurgötu 7 í samvinnu við Nýlistarsafnið. Sýningin Suðurgata 7 – gallerí/safnhús verður á dagskrá Listahátíðar í Reykjavík 2014. Sýningarhópur tók til starfa og vann hugmyndavinnu.



Gert var smáforrit um fornleifar í Kvosinni sem er leiðsögn um göngu um þær slóðir þar sem fundist hafa minjar um búsetu á fyrri öldum. Margmiðlunarbúnaður í Landnámssýningu var endurnýjaður. Nýlunda var að boðið var upp á daglega leiðsögn á ensku um Landnámssýninguna og Árbæjarsafn.

Fræðsla og viðburðir

Sem fyrr voru margvíslegir viðburðir á sumardagskrá í Árbæjarsafni og má þar nefna hefðbundna viðburði svo sem fornþrálag og heyannir en einnig var bryddað upp á nýmælum, gestum var kennt að lesa í hús og haldið var áfram meðleikræna leiðsögn, og var ævintýri landspóstsins frumflutt 28. júlí.

Líkt og undanfarin ár tók Minjasafnið þátt í gönguferðum um Kvosina, Safnanótt, Menningarnótt og Barnamenningarhátíð, með viðburðum í Árbæjarsafni og Landnámssýningu.

Varðveisla

Safnið hélt áfram samstarfi við Þjóðminjasafnið og önnur minjasöfn um þróun á Sarpi – menningarsögulegum gagnagrunni. Vefurinn sarpur.is var opnaður og með honum fékk almenningur aðgang að safnkosti íslenskra safna. Unnið var áfram að skráningu og yfirfærslu gagna úr eldri gagnagrunnum í munaskrá Sarps, og haldið áfram að ljósmynda safngripi, með styrk að upphæð kr. 700.000 úr Safnasjóði. Starfsmenn í atvinnuáttaksverkefnum og háskólanemar unnu að skráningu og ljósmyndun og hefur nú um 90% safnkostsins verið skráð í Sarp en þó á eftir að ljósmynda um 70% safnkostsins. Minjasafnið tók þátt í átaki í skjalavistun á Menningar- og ferðamálasviði og var nýr málalykill tekinn í notkun um mitt ár. Unnið var að hönnun og undirbúningi byggjar nýs varðveisluhúss í Árbæjarsafni.

Minjavarsla

Ný lög um söfn og menningarminjar tóku gildi þann 1. janúar 2013; Safnalög nr. 141/20122 og lög um menningarminjar nr. 80/2012. Minjastofnun Íslands varð til með sameiningu Fornleifaverndar og Húsafríðunarnefndar og fer nú með framkvæmd minjavörslu í landinu.

Unnið var að gerð byggða- og húsakannana vegna hverfisSKIPULAGS í samstarfi við skipulagsfulltrúa og birtar skýrslur um menningarminjar í átta hverfum borgarinnar. Haldið var áfram skráningu menningarminja, en með nýjum ákvæðum um friðun húsa fjölgaði friðuðum húsum í Reykjavík umtalsvert. Húsaskrá var endurskoðuð á reitum þar sem unnið var að endurskoðun deiliskipulags. Lokið var við skráningu menningarminja í Vatnsmýri; en það svæði nær yfir umhverfi Reykjavíkurflugvallar, Óskjuhlíð og Nauthósvík.

Áfram var unnið að varðveislu menningarminja í borgarlandinu með skráningu, rannsóknnum og miðlun með það að markmiði að auka aðgengi að upplýsingum um menningarminjar á vef safnsins og í Borgarvefsjá. Fornleifaskrá var flutt í nýjan Sarp og er hún nú aðgengileg á vefnum sarpur.is. Minjasafnið veitti ráðgjöf og sá um textagerð við menningamerkingar í Laugarnesi og Laugardal í samstarfi við hverfisráð Laugardals. Starfshópur um fornleifar í miðbæ Reykjavíkur, sem borgarminjavörður á sæti í, skilaði greinargerð um framhald rannsókna og kynnti ráðuneyti og borgaryfirvöldum. Húsverndarstofa var starfrækt allt árið í samstarfi við Minjastofnun og Iðuna-fræðslusetur og þar er í boði ráðgjöf um viðhald og endurbætur eldri bygginga.


Viðey

Sumardagskráin var bæði metnaðarfull og fjölbreytt. Fjölsóttustu þriðjudagsgöngurnar voru sögugangan með Stefáni Pálssyni sagnfræðingi, Sumarstólstöðuganga með Þór Jakobssyni veðurfræðingi, ganga með Örlygi Hálfðánarsyni og fjölskyldujóga með Arnbjörg Kristínu Konráðsdóttur. Sumrinu lauk með kúmengöngu og komu vel yfir 100 manns út í eyju og tíndu sér kúmen fyrir veturinn. Um miðjan september var blásið var til salsaveislu í Naustinu sem var ljósum skreytt og gestir gátu keypt sér tapas og drykki á milli þess sem þeir dönsuðu af sér skóna.

Börn skipa stóran sess í Viðey. Í apríl hlupu um eyjuna börn í páskaeggjaleit og með vorinu komu ótalmargir hópar leikskólabarna í útskriftarferðum auk grunnskólabarna sem gerðu sér glaðan dag í eyjunni. Á Barnadeginum lagði fjöldi fólks leið sína út í eyju þar sem gleðin réð ríkjum og börn og foreldrar sigldu sáttir heim í sumarblíðunni. Kvinnahlaupið var haldið í Viðey í fjórða sinn, en elsta hlaupakonan varð níræð á árinu. Skátarnir lögðu undir sig eyjuna heila helgi og héldu sitt árlega skátamót og þeir komu jafnframt til aðstoðar á Frumbyggjadaginn og súrruðu upp trönnum og stjórnðu leikjum.

Viðeyjarstofa hósti tónleikaröðina TÓNHVÖRF í umsjón KÍTÓN, félag kvenna í tónlist með frá miðjum júní til ágústloka.

Tendrun Friðarsúlu Yoko Ono í Viðey þann 9. október ár hvert er hátíðlegur viðburður sem vekur heimsathygli. Milljónir manna fylgjast með tendrun verksins í beinni útsendingu á vefsvæði listamannsins. Í ár komu fleiri



gestir en nokkru sinni áður út í Viðey og tóku þátt í þessari friðarstund.

Með styrk frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða var unnt að fara í verkefni til að bæta aðgengi hreyfihamlaðra. Göngustígar voru bættir, stígurinn frá bryggjunni að Viðeyjarstofu var gerður aðgengilegri og komið var fyrir bekkjum þar sem hægt er að tylla sér á leið upp stíginn. Endurbætur voru gerðar á Naustinu. Gólf og loft var lagfært og aðgengi fyrir hreyfihamlaða bætt til muna.

Í samvinnu við Umhverfis- og skipulagssvið var nýtt leik- og dvalarsvæði hannað en það er byggt ofan á það gamla á bak við Viðeyjarstofu. Áhersla er lögð á að bæði umhverfi og leiktæki rími við náttúru eyjarinnar. Fyrsta áfanga verksins lauk á árinu, en vonir standa til þess að unnt verði að fara í næsta áfanga strax á næsta ári. Þá var hafist var handa við hönnun á bættu aðgengi og aðstöðu við bryggjurnar á Skarfabakka og í Viðey. Til stendur að reisa nýtt bryggjuhús við Skarfabakka og skýli við bryggjuna Viðeyjarmegin.

Menningarverðmætum Viðeyjar var gert hátt undir höfði og komið haganlega fyrir í Viðeyjarstofu með nýrri og hlýlegri sýningu og innsetningu. Viðey á marga fagra og merka muni sem nú eru gestum eyjarinnar aðgengilegir á skemmtilegan hátt.

menning

Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkurborgar

Ingólfsnausti

Vesturgötu 1

101 Reykjavík

Sími 590 15 20

menning@reykjavik.is

www.reykjavik.is/meningogferdamal